

55. ÁRSPING HSÍ



ÞINGGERÐ

55.ársþing HSÍ

Íþróttamiðstöðin Laugardal

28. apríl 2012

1. Þingsetning

Formaður HSÍ Knútur G. Hauksson setti 55. Ársþing HSÍ og bauð þinggesti velkomna. Sem nú er haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Bað þinggesti á að skrá sig til þingsins hér frammi og fer svo í eftirfarandi formsatriði.

2. Kostning þriggja manna í kjörbréfanefnd

- Ingibjörg Ragnarsdóttir
- Jóhannes Runólfsson
- Þorbjörg Gunnarsdóttir

Engar aðrar tillögur bárust og enginn hreyfði við mótbárum, var kjörbréfanefnd samþykkt og tekur til starfa.

3. Kostning þingforseta og varaþingforseta

Formaður bar upp tillögu um Gunnar K. Gunnarsson sem þingforseta. Engar aðrar tillögur né athugasemdir bárust, telst því Gunnar var réttkjörinn þingforseti. Þá var Davíð B. Gíslason tilnefndur til varaforseta. Engar athugasemdir voru gerðar og telst Davíð því rétt kjörinn varaforseti þingsins.

4. Kostning þingritara og varaþingritara

Formaður lagði fram þá tillögu um Ástu Óskarsdóttur sem þingritara og Þorbjörgu Gunnarsdóttur sem varaþingritara. Engar aðrar tillögur bárust og töldust þær því réttkjörnar. Hófu þær þegar störf.

Gunnar tekur við fundarstjórn og þakkar traustið og vonast eftir góðu þingi. Einnig staðfestir hann lögmæti þessa þings en það kemur fram að mánuði fyrir þing er boðað til þess með rafrænumhætti eða einhvern þann hátt sem vani er á í samkiptum og hefur verið gengið úr skugga um það að það hafi verið gert og lýsi því yfir að þetta þing er lögmætt.

5. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggjörð síðasta árs hefur verið á vef HSÍ í langan tíma en er ekki dreift sérstaklega hér á þinginu en hún er lög fram formlega hér með. Þinggerð er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Ávörp gesta

Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari Íþrótt- og ólympíusambands Íslands.

Þingforseti ágætu þingfulltrúar ég vil birja á því að flytja ykkur kveðju Ólafs Rafnssonar forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnarinnar. Þann 28 janúar síðastliðinn fagnaði Íþrótt- og ólympíusambandið 100 ára afmæli sínu það var gert í ráðhúsi Reykjavíkur en á þeirri lóð stóð áður Bárubúð þar sem samtökin voru fyrst stofnuð. Við ætlum að fagna 100 ára afmælinu væntanlega á hefðbundinn hátt, það er búið að gefa út veglegt afmælisrit, Íslandspóstur er búin að gefa út fallett frímerki og allir okkar helstu viðburðir svo sem hjólað í vinnuna, lífshlaupið, kvennahlaupið og ég tala nú

ekki um ólympíudagurinn 23 júní verða tengdir afmælinu sérstaklega og gert meira úr þeim en venjulega. Við vonumst líka til þess að HSÍ og þið félögin innan HSÍ notið ykkur þennan atburð til þess að vekja athygli á ykkur og ykkar viðburðum. Ég vil að sjálfsögðu nota þetta tækifæri til að óska handknattleikssambandinu og ykkur til hamingju með árangurinn á síðustu misserum þið hafið verið í eldlínunni hvort sem það hefur verið í kvennaboltanum, yngri landslið og égtala nú ekki um karlanlandsliðið og alltaf vekur það mikla athygli hjá þjóðinni þegar ykkar sársamband er að keppa og ykkar lið og margir fylgjast með. Það verður örugglega í ár því að árið 2012 það er ekki bara afmælisár heldur líka Ólympíuár. Við munum væntalega eiga fríðan hóp á Ólympíuleikunum í London núna í Ágústa. Í Peking 2008 vorum við með 27 keppendur og þykir það nú ansi há tala miðað við höfðatölu og vonumst við til þess í ár að við verðum allavega 27 ef ekki fleiri og sem betur fer þá verður karlalandslíðið í handbolta á Ólympíuleikunum. Í Peking fengum við sérstaklega ánægjuleg úrslit og nú verður mikil pressa það er á hreinu og allir munu fylgjast með og hafa skoðun á því hvernig leikið er. En við vitum það líka að það er mikil pressa á þau sársambönd og þá keppendur sem eru að vinna sér rétt til ólympíuleika það er langur og strangur undirbúningstími og það er mikill kostnaður sem fellur á sársamböndin í þessum undirbúningi. Ég get fullvissað ykkur um það að ÍSÍ gerir allt sem í okkar valdi stendur til þess að aðstoða okkar sársambönd til að kljúfa þennan kostnað. Bara á þessum dögum er verið að sækja um og þrýsta á ríkisvaldið um aukinn fjárframlög því eins og við vitum hefur verið skorið hressilega niður hjá okkur í kreppunni og er vissulega komið að þolmörkum mað það í rekstri ÍSÍ allavegana og ég veit það að það er þannig hjá öllum öðrum sársamböndum en eins og ég sagði erum við að gera okkar besta til þess að ná í styrki og ná í peninga þannig að við getum styrkt okkar aðila til þess að taka þátt í þessum stóra viðburði sem Ólympíuleikar eru og vonumst til þess að geta þokkalega staðið þar að verki. En ég óska ykkur goðs þings. Takk fyrir.

Júlíus Hafstein heiðursformaður HSÍ.

Herra formaður, fulltrúar Íþrótt- og ólympíusambandsins ágætu þingfulltrúar og góðir gestir. Mig langar til að koma hér og segja nokkur orð í tilefni þess að eftir eina viku eða tvær kemur þá mun Saga Handknattleiksins í 90 ár koma úr prentun. Við erum búnir að vera að vinna að þessu gömlu formennirnir í sjö ár að láta skrifa þessa sögu, afla heimilda og tekna. Sum ykkar þekkja til þess auk þess sem ég hef komið hér áður á þing og sagt ykkur frá þessu. En það hefur dregist svolítið úr þessu og það var bara ein ástæða fyrir því, verkefnið var svo miklu miklu stærra en okkur hafði dottið í hug þegar við byrjuðum á því. Upphaflega gerðum við ráð fyrir því að svona bók yrði 350 til 400 síður með 350 til 400 myndum en bækurnar tvær eru um 900 síður með 700 – 800 myndum og hefði þó getað verið skrifað meira og sett fleiri myndir að nógu var að taka. Þetta hefur verið mjög ánægjulegt verkefni fyrir okkur og við höfum fengið Steinar J. Lúðvíksson fyrverandi varaformann HSÍ, rithöfund og íþróttafréttaritara hjá Morgunblaðinu til margra ára til að skrifa þessa sögu og nú erum við að sjá fyrir endan á þessu og það er líka gleðiefni að bókin verði gefin út á Bessastöðum og við höfum ákveðið það að eintak nr. 1. Það verða 75 eintök gefin út í tölusettum númerum í sérstökum bókarkassa en eintak nr. 1. Fær að vera í þjóðarbókhöðinni að Bessastöðum og það var að ósk forseta Íslands. Þetta er allt ánægjulegt og sérstaklega vegna þess að handknattleiksíþróttin á náttúrulega svo mikla sögu sem er ekki bara saga handboltans heldur hluti af sögu þessarar þjóðar. Engin íþróttagrein hefur náð viðlíka árangri í sinni íþrótt eins og raun ber vitni þegar við miðum við aðrar íþróttagreinar og hafa þær þó margar staðið sig mjög vel. En og aftur erum við að fara á Ólympíuleika og þetta

er í sjöunda skiptið og við erum á meðal fremstu þjóða í heiminum sem hafa verið á Ólympíuleikum það eru aðeins allra stæðstu þjóðirnar sem hafa verið oftastar en við, fáeinar átta sinnum ein eða tvær níu sinnum og við sjö sinnum ásamt fleiri öðrum. Við höfum töluvert að verja, við höfum silfur að verkja vonandi tekst nú að gera það ég veit það verður mjög erfitt, það er alltaf erfitt að verkja svona stóra sigra eins og við náðum á Ólympíuleikunum í Peking. Það er ekki bara strákarnir okkar ákarnir okkar eins og við byrjuðum að kalla þá í formennsku Jóhanns Hjaltalíns heldur líka stelpurnar okkar sem hafa staðið sig alveg geysilega vel. Komist í fremstru röð bæði í úrslitum í HM og EM. Þetta er alveg einstakur árangur hjá lítilli þjóð af því að við erum fámenn erum bara 320 þúsund og þegar við berum okkur saman við aðrar þjóðir sem eru tugi milljóna og vel það, Rússa 140 milljónir og við stöndum þeim skör frammar þá getum við verið mjög ánægð með okkar árangur. Það er því mikið sem liggur á herðum forystu HSÍ þeir hafa staðið sig afburðar vel og eru hér að skila síðasta ársverki, maður sér það á reikningnum hvað mikið þarf til maður sér líka hvað stundningur hins opinbera er lítill og það er eiginlega sorgarsaga þegar horft er á þetta allt saman. Vonandi verður blóm í haga og batnandi tíð, vonandi koma menn og segja það verður að gera betur en hefur verið gert en það er erfitt að eiga við það verkefni. Ég óska ykkur alls hins á þessu þingi. Ég ætla að þakka stjórn HSÍ fyrir það að hafa staðið sig jafn frábærlega sem og framkvæmdastjóra sem ég hef átt mjög mikið og náið samstarf við síðustu ár út af sögu bókarinnar eða skrifa bókarinnar. Eins óska ég næstu stjórn velfarnaðar og vona að við verðum hér að ári jafn ákveðin í því að stiðja á bak við handboltans eins og við erum í dag. Þakka ykkur fyrir að leyfa mér að segja þessu fáu orð.

Jón Hjaltalín Magnússon heiðurforstei HSÍ

Formaður og stjórnarmenn HSÍ, virðulegir þingfulltrúar.

Ég vil byrjar á því að taka endurtaka óskar Júlíusar til stjórnar HSÍ fyrir vel unnin störf og okkur öllum óskað til hamingju að í sjöunda sinn hefur Ísland karlalandsliðið okkar unnið sér þátttökurétt á Ólympíuleikum, ferð það vel því í ár fagnar íslenskur handbolti 40 ára afmæli frá fyrstu þátttöku okkar í Ólympíuleikunum í München 1972. Aðeins tvær þjóðir hafa unnið sér oftast þátttökurétt í handbolta karla á Ólympíuleikum; Spánverjar 10 sinnum og Svíar 8 sinnum. Auk þess hafa Sovét / Rússar verið 8 sinnum og Austur- og Vestur þýskaland 9 sinnum.

Karlalandslið okkar er sem sagt í fremstu röð í heiminum og hefur náð á verðlaunapall á Ólympíuleikum 2008, silfur, EM 2010, brons og ekki skulum við gleyma gullinu á B-HM 1989 í París! Og kvennalandslið okkar náði frábærum árangri í sinni fyrstu lokakeppni HM í Brasilíu í vetur. Þá standa piltalandslið sig okkar að venju sig vel bæði í HM og EM. Stjórn HSÍ hefur náð verulega góðum árangri með landslið okkar undanfarin ár enda flest allir leikmenn karlalandsliðsins atvinnumenn.

Hins vegar hefur ekki náðst nægjanlega góður árangur í útbreiðslu handboltans á landsvísu, en ég veit að stjórn HSÍ ætlar sér góða hluti í þeim efnum á næstu árum. Á tímabilinu kringum 1990 þegar ég var formaður HSÍ (1984-92) var mikill handbolta áhugi um land allt þökk sé góðu gengi landsliðsins og þrjár deildir karla í gangi með um 30 lið, sem kepptu í löglegum íþróttahúsum. Núna eru þau bara 14!

Mér finnst þess vegna eitt miklivægasta málefni þessa ársþings HSÍ að ræða og komast að niðurstöðu um hvernig við getum aukið áhuga á handbolta um land allt og virkjað áhuga barna og unglinga á íþróttinni!

Við vitum öll sem hér erum að það kostar mikið fjármagn að reka öflugan handboltadeild og vera með meistaraflokk karla og kvenna í Íslandsmóti! Því er mikilvægt að efla fjármögnunarmöguleika félaganna og tekjur þeirra!

Ég mæti því einnig hér á 55. Ársþing HSÍ sem fulltrúi Víkings og tala fyrir og styð tillögu þeirra og flestra félaga um fjölgun liða í efstu deildum karla og kvenna til að efla iðkun handbolta á landsvísu, allveg eins og ég lagði til á 50. ársþingi HSÍ. Tel að þetta sé eina og skynsamlegasta leiðin til þess núna. Því miklu, miklu auðveldar er að fjármagna starfsemi handboltadeilda með lið í efstu deild. Auk þess koma mun fleirri áhorfendur á leikina og meir umfjöllun í fjölmiðlum.

Stefna okkar næstu 3-4 árin er að aðstoða sameiginlega fleirri íþróttafélög við að koma með fleirri lið í mfl. karla og kvenna í handbolta til keppni. Eftir fimm ár gæti 1.deild karla verið með 12 lið og 8 liða úrslitakeppni og 2. deild með 8-12 lið og 4-8 liða úrslitakeppni.

Fjölgun liða í efstu deild núna mun stóruka áhugann á handbolta á landsvísu. Efla stórlega þau félög sem þegar eru með lið í keppni og virka hvetjandi á þau félög sem eru að byggja upp lið.

Til samanburðar við þessa tillögu okkar vil ég biðja ykur að horfa á þær breytingar sem HSÍ beitti sér fyrir á sínum tíma á fyrirkomulagi heimsmeistaramótanna og árangur þeirra:

Þegar þing Alþjóða handknattleikssambandsins samþykkti tillögu HSÍ í Seoul 1988 að hætta með styrkleikabundin A, B og C heimsmeistaramót með 16 liðum og tók upp eitt 24 liða HM í staðinn var hver heimsálfa örugg með minnst tvö sæti í heimsmeistara-keppninni. Það varð til þess að handbolta í Suður-Ameríku og Afríku fór á fleygiferð og auk þess urðu miklar framfarir í Asíu.

Eins og gefur að skilja þá er miklu auðveldara að fjármagna undirbúning og þátttöku landsliða í A-keppni heldur en B- eða C-keppni. Þannig kom mun meira fjármagn til eflingar handboltanum í flestum löndum sem höfðu áhuga á þátttöku í Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum.

Ég hef sömu sýn í sambandi við eflingu handboltans á landsvísu á Íslandi. Fjölga í efstu deild og tryggja smá saman hverjum landshluta sæti í henni, því þá munu félögin eiga mun auðveldar með að fjármagna starfsemi sína, þjálfun leikmann í öllum aldursflokkum pílta og stúlkna svo og þátttöku í mótum.

Þið skuluð ekki halda að það hafi verið auðvelt að koma í gegn þessum breytingum á keppnisfyrir- komulagi IHF á sínum tíma og sem tók gildi á HM á Íslandi 1995 með 24 þátttökupjóðum í stað 16 og hefur verið við líði síðan. Stjórn IHF, mafían eins og hún var stundum kölluð, var flest öll á móti þessum breytingum svo og sterku þjóðirnar eins og Svíar, Rússar, Rúmenar, Tékkar, o.fl. sem voru ávallt í efstu sætum á A-HM og Ólympíuleikum. Þeir voru bara að hugsa um sjálfan sig og ekki eflingu handboltans á heimsvísu. Ég vona að stjórn HSÍ og sterkust handboltafélög Íslands í dag séu ekki svo þröngsýn að vera á móti fjölgun liða í efstu deild. Ég trúi því ekki!

Íþróttafélög í tiltölulega fámennum sveitarfélögum geta vel iðkað handbolta, sérstaklega í yngri aldursflokkum. Félögin þurfa að gefa sér góðan tíma og þá mun árangur nást. Handboltinn hefur ávallt keppt við körfuboltann úti á landsbyggðinni. Hægt er að halda góðu körfuboltaliði gangandi á fámennum stöðum með einum eða tveimur aðkomumönnum en fleirri þarf í handboltanum. Flestir afreks-íþróttamenn vilja keppa á Ólympíuleikum. Handboltalandslið okkar hefur unnið sér þátttökurétt sjö sinnum af ellefu Ólympíuleikum síðan 1972, sem er einstakur og frábær árangur. Efast því ekki um að góðir körfuboltamenn um land allt munu vilja reyna fyrir sér í handboltanum fái þeir tækifæri til þess.

Sem betur fer hefur tekist að byggja upp öflug félagslið á Akureyri, í Vestmannaeyjum og á Selfossi. Þetta verður alltaf spurning um stjórnir félaganna og drifkraft þeirra. Stjórn KA fékk á sínum tíma Alfreð Gíslason til Akureyrar frá Þýskalandi sem leikmann og þjálfara og síðan Atla Hilmarsson. Báðir þessu frábæru leikmenn og þjálfarar juku verulega áhuga á handboltanum þar og byggðu upp hörkulið svo og „handboltahefð“ sem hefur haldist síðan. Þá eiga Akureyringar og Vestmanneyingar bæði sveitarstjórnir og öflug fyrirtæki sem styðja vel við starfsemi íþróttafélaganna og afreksmenn þeirra.

Lykilatriðið er að finna „drifkraftana“ innan vallar og utan í félögunum og styðja vel við þá.

Þingforseti minnir gesti á að hér eru kveður og ávörp en ekki þingtillögur til umfjöllunar.

7. Álit kjörbréfanendar lagt fram og samþykkt

Þorbjörg Gunnarsdóttir fulltrúi kjörbréfanendar kom fram og las upp mætingu þingfulltrúa. Þeir voru alls 39, en 87 þingfulltrúar eiga rétt á setu. Álit kjörbréfanefndar er lagt til atkvæða. Kjörbréf samþykkt samhljóða. Kjörbréfanend heldur áfram að starfa.

8. Kostning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og alsherjanefnd þingsins

Það kveður á það í lögum sambandsins að kjósa skuli í þessar þrjár nefndir en vegna eðlis og lítils fjölda tillagna sem liggja fyrir þinginu er það tillaga frá stjórninni að málsmeðferð verði aðeins breytt í þá verðu að við kjósum þrjá menn í alsherjar- og laganefnd saman. Einnig er kosið um þrjá menn í fjárhagsnefnd. Ekki var gerð athugasemd við þessa tilhögun

- Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:
 - Bergur Guðmundsson
 - Ásta Óskarsdóttir
 - Jónu Björg Björgvinsdóttir
- Í Laga-, reglna og alsherjarnefnd voru tilnefnd:
 - Davíð B. Gíslason
 - Tryggvi Árnason
 - Davíð Hjaltsted

Allir tilnefndir nefndarmeðlimir töldust réttkjörnir þar sem engar athugasemdir né gangtillögur bárust.

9. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Knútur G. Hauksson formaður HSÍ fylgir skýrslu stjórnar úr hlaði.

Góði þingfulltrúar heiðurforsetur og fulltrúar ÍSÍ og aðrir gestir. Frá síðast ársþingi hafa félagar okkar fallið frá ég vil því fá að nota þessi upphafsorð til að minnast Árna Árnasonar fyrsta formanns Handknattleikssambands Íslands. Við áttum Árna mikið að þakka og leitt að horfa á eftir jafn mekum manni, eins og þið vitið kanski öll þá situr sonur hans í stjórn Handknattleikssambandsins Árni Þór Árnason og ég vil fyrir hönd okkar allra enn og aftur Árni votta þér virðinguna okkar, hreyfingarinnar vegna fráfalls föður þins og við verðum honum ævinlega þakklát fyrir hans mikla og óeigingjarna starfs sem hann gerði. Blessuð sé minning hans.

Nú en þegar við lítum til baka yfir árið 2011 þá sjáum við að það er búin að vera mikil handboltaveirsla nú sem undanfarin ár. Árið í fyrra byrjaði með látum þegar að strákarnir okkar spiluðu á HM í Svíþjóð eins og við munum þá lentum við þar í sjötta sæti og tryggðum okkur umspili fyrir Ólympíuleikana í London og eins og við öll þekkjum þá tryggðum við okkur sæti á Ólympíuleikunum í umspilinu í Króatíu um síðustu páska. En í byrjun þessa árs hélt veirslan áfram þar sem strákarnir okkar spiluðu í Serbíu þar sem niðurstaðan var 11 sætir. Ævintýri stelpnanna okkar hélt áfram eftir að hafa spilað í fyrsta lokamóti sínu í desember 2010 þá fylgdu þær því eftir með því að tryggja sig inn á HM í Braselíu síðastliðinn desember. Það er alveg ljóst

að stelpurnar spiluðu sig inn í hjörtu landsmanna með fræknum sigrum og góðum árangri á sínu fyrsta heimsmeistaramóti og voru þær grátlega nærri að komast í efri milliriðil, en að lokum enduðu þær í tólfta sæti sem hlítur að teljast virkilega góður árangur. Þær eru nú að berjast við að komast á lokamót EM í desember og hafa óhagstæð úrslit í öðrum leikjum riðilsins gert okkur erfitt fyrir en möguleikinn er vissulega fyrir hendi og verða þeir leikir nú í maí og júní. Yngri landsliðin voru á faraldsfæti á síðasta ári. En að þessu sinni komst ekkert þeirra á lokamót á árinu 2011 en þau hafa hins vegar verið að keppa nú í undankeppnum undanfarna mánuði og hafa U20 og U18 karla þegar tryggt sig inn á lokamót EM síðar á þessu ári.

N1 deild karla hefur verið mjög spennandi þar sem liðin hafa verið að tína stigin af hvort öðru og var það ekki fyrr en í lokaumferð þar sem ljóst í hvaða sæti liðin röðuðust og hverjir komust í úrslitakeppnina eins og við vitum þá er úrslitakeppnin í hámarki og er nú spennandi lokarimma milli HK og FH. En áður voru það Haukar sem tryggðu sér deildarmeistaratilinn. Fyrsta deild karla hefur einnig verið mjög spennandi í vetur þar sem hart var barist á toppnum og voru það ÍR ingar sem tryggðu sér sigur í deildinni og spila því í N1 deild karla næsta vetur. En nú er umspil um hitt lausa sætið í hámarki og eru það Afturelding og Stjarnan sem berjast um það. Spennan um efstu sæti í N1 deild kvenna var ekki eins mikil og hjá körlunum. En spennan um næstu sæti þar fyrir neðan ljóst er að með góðu uppbyggingarstarfi eru nokkur lið að nálgast þau tvö efstu og gerum við ráð fyrir meiri spennu í deildinni á næsta ári. Í ár eins og í fyrra var það Valur sem stóð uppi sem deildarmeistari og verða það Valur og Fram sem keppa til úrslita að þessu sinni eins og tvö undanfarin ár.

Eimskipsbikarkeppnin var góð í ár og er lokahelgin sífellt að verða glæsilegri bæði í kringum meistaraflokkana og ekki síður í kringum yngriflokkana. Að þessu sinni kepptu Valur og ÍBV í meistaraflokki kvenna og lauk þeim leik með sigri Vals. Hjá körlunum voru það Haukar og Fram sem spiluðu til úrslita þar sem Haukar stóðu uppi sem sigurvegarar. Í yngri flokkunum dreifðust sigrar til margra félaga og er það ljóst að unglingastarf er til fyrirmyndar hjá mörgum félögum og vil ég nota þetta tækifæri til að óska öllum Eimskipsbikarmeisturum til hamingju.

Miklar umræðu hafa verið innan hreyfingarinnar undanfarin ár um keppnisfyrirkomulagið hjá meistaraflokkum, hafa verið lagðar fram tillögur á undanförunum þingum til að breyta núverandi fyrirkomulagi og setja í eina deild. Í vetur var settur á fót vinnuhópur til að skoða þetta mál en frekar og var niðurstaða þess hóps sú sama og þingið hefur komist að undanfarin ár að best sé að halda því fyrirkomulagi sem nú er, ég er sammála þeirri niðurstöðu og tel að þetta fyrirkomulag sé bæti til þess fallið að auka gæði handboltans, stuðla að nýliðun og minka kostnað félaga, enda hefur liðum í meistaraflokki karla verið að fjölga frá því leikið var í einni deild árin 2002-2006. Vona ég að góðar, faglegar og málefnalegar verða í nefndum hér á eftir sem fjalla um þetta mál og menn sýni þá háttvísi þó menn séu ekki alltaf sömu skoðunnar. Ég vona að þingið fari heim í sátt við þær niðurstöður sem þar náist.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún eins og undanfarin ár verið misjöfn eftir fjölmiðlum almennt. Á milli HSÍ og RÚV er sjónvarpssamningur um sýningarréttin í úrvalsdeild karla og kvenna ásamt landsleikjum. Samstarfið við RÚV hefur verið ágætt þó oft hafi verið erfitt að koma leikjum inn á dagskránnar. Stöð2 sport fékk sjónvarpsréttinn að HM kvenna að þessu sinni umfjöllun um HM kvenna 2011 og útsending frá leikjum var Stöð2 sport til fyrirmyndar og má segja að þeir hafi gefið tóninn um hvernig standa skulið að góðri umfjöllun í kringum svona stórkeppni. Stöð2 sport náði einnig að tryggja sér réttin á undankeppni Ólympíuleikanna sem fram fór í Króatíu um páskana og er ljóst að 365 miðlar hafa sýnt handboltanum meiri áhuga á árinu en á undanförunum árum. Sport TV hélt áfram að senda beint

frá mörgum leikjum og hafa þessar útsendingar þegar sannað ágæti sitt og vinsældir. Nú sem áður verðu það keppikefli handknattleikssambandsins að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efri deildum og einnig telur sambandið nauðsynlegt að fá fleiri alvöru þætti sem fjalla um handboltann.

Ritari ÍSÍ Helga kom hér inn á í ræðu sinni áðan að Íslenska þjóðin fylgdist með af miklum áhuga þegar landsliðin væru að keppa. Til gamans má geta þess að ég skoðaði áhorfendatölur hjá sjónvarpinu hjá HSÍ og KSÍ annarsvegar í lokaðri dagskrá og hins vegar í lokaðri dagskrá. Þar sem nú getum við borið þetta saman eftir að 365 fór einnig að sýna frá landsleikjum okkar í handbolta. Þegar ég skoðaði fimm leiki í hverjum flokki þá sést að áhorf handboltans hjá körlum í opinni dagskrá er um 77% en 50% í læstri dagskrá, en hjá fótbolta er áhorfið 52% í opinni dagskrá en einungis 9% í lokaðri dagskrá. Á þessum áhorfstölum kemur skýrt fram hversu vinsæll handbaoltinn er á meðal þjóðarinnar og ljóst að þetta er okkar þjóðaríþrótt. '.

Á síðasta ársþingi kynnti ég fyrir ykkur vinnu sem þá var farin í gang sem var stefnumótun Handknattleikssambandsins til ársins 2015 að þessari vinnu komu starfsmenn, stjórn, nefndarmenn og ýmsir aðilar innan hreyfingarinnar lauk þessari forvinnu eða þessari vinnu og var mótuð stefna í fimm flokkum. Fræðslu-, móta-, landsliðs-, dómara- og rekstur og innri mál sambandsins. Mörkuð voru stefnukref fyrir hvern flokk og sett markmið, aðgerðir og verkefni. Margvísleg verkefni bæði til langs og skammst tíma komu fram og hefur verið unnið með þau. Sumum verkefnum er þegar lokið, önnur eru í vinnslu og enn önnur sem bíða úrlausna. Því það er ljóst að þessi vinna er alveg til ársins 2015 þetta eru verkefni sem við ætlum að vinn að til ársins 2015, meðal þess sem úr þessari vinnu hefur komið er að nauðsynlegt var talið að ráða starfsmann til að sinna fræðslu og útbreiðslumálum, ráðinn hefur verið í starfið starfsmaður sem hefur störf innan fárra vikna sá maður er hreyfingunni ekki ókunnur en hann hefur unnið mikið innan hreyfingarinnar undanfarin ár en þetta er Árni Stefánsson.

Þá hafa verið mótaðar siðareglur sambandsins sem verða gefnar út og kynntar á næstu vikum. Fjármálastjórnun hefur verið endurskipulögð í samstarfið við Fjárstoð og Deloot og tekur fjárstoð nú að sér að sjá um ýmis verkefni sem starfsmenn stjórnarmenn og verktakar sinntu áður og svona mætti lengi telja, munum við á næstunni kynna þetta frekar fyrir aðildarfélögum því ljóst er að þau verða að koma mikið að þeim verkefnum sem framundarn eru.

Þrátt fyrir að rekstrartekjur sambandsins hafa aukist þó nokkuð á síðasta ári og hafa aukist allverulega frá svokalla hruni, þá er rekstur sambandsins erfiður nú sem áður. Verkefnin voru mörg og sum þeirra mjög dýr, eins og þið vitið þá er stór hluti sambandsins ferðakostnaður erlendis, það er ekki ódýrt að fara með heild landslið til Brasilíu með gengi íslensku krónunnar eins og það er tekjur okkar eru eðlilega allar í íslenskum krónum og því þurfum við að afla miklu meira fjár til að standast undir einum farmiðna nú en fyrir nokkrum árum. Þrátt fyrir dýr verkefni og aukinn útgjöld var rekstrarniðurstöða sambandsins einungis neikvæðu um 800.000 krónur og er þá búið að leggja til hliðar í afskriftarsjóð um tvær og hálfa milljón króna. Telur stjórn þetta nokkuð ásættanlegt þó ekki sé ásættanlegt að vera með neikvæðan rekstrarniðurstöðu en miðað við þau verkefni sem við vorum í þá teljum við þetta nokkuð ásættanlegt og er þetta einnig í takt við þá rekstraráætlun sem samþykkt var á síðasta ársþingi.

Nú er ljóst að þetta ár verður okku mjög dýrt. Við vorum með strákan okkar á EM í Serbíu í janúar, við verðum á ólympíuleikunum í London í ágúst og verðum því í kostnaðarsömum undirbúningu í sumar, en kostnaður við undirbúning og þátttöku í ólympíuleikunum í sumar er um 40 milljónir fyrir Handknattleikssamband Íslands á móti meigum við eiga von á um 15 milljónum frá Ólympíusamtökunum og ÍSÍ, við erum samt í viðræðum við ÍSÍ og hið opinbera um

aukið fjármagn og er sú vinna í gangi í góðu samstarfi milli ÍSÍ og handkanttleiks-sambandsins. Restina eins og þetta stendur nú þurfum við að brúa. Síðan verðum við með tvö yngri landslið í lokakeppni EM annað í Austurríki en hitt Tyrklandi og svo eru stelpurnar okkar enn í forkeppni fyrir EM sem verður í desember þessu til viðbótar höfum við fjölgað um eitt stöðugildi á skrifstofunni sambandsins eins og áður hefur komið fram enda teljum við það nauðsynlegt svo starfsmenn geti sinn því mikla starfi sem þarf í svo stórri og kraftmikilli hreyfingu sem handboltinn er, því er það svo að sú rekstraráætlun sem nú liggur fyrir er með neikvæðri áætlun upp á 25 milljónir slíkt er algerlega óásættanlegt og það mun verða mettnaður nýrrar stjórnar að ljúka rekstrinum með mun betri hætti, en lausnin á því liggur ekki fyrir að svo stöddu og telur stjórn því óábyrgt annað en að leggja tölurnar fram eins og þær standa nú.

Að lokum vil ég fá að nota þetta tækifæri að þakka starfsmönnum handknattleikssambandsins fyrir frábært starf síðastliðið ár og einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu handknattleikssambandsins fyrir þeirra framlag, þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum og starfsmönnum aðildarféлага. Óska ég okkur öllum góðs ársþings.

SKÝRSLA STJÓRNAR HSÍ

54. Ársþing HSÍ var haldið í Vodafonehöllinni 30. apríl 2011. Fyrir þinginu lágu nokkrar lagabreytingar, en stjórn HSÍ sér um breytingar á reglugerðum sambandsins. Á þinginu var kosin formaður þriðja árið í röð Knútur G. Hauksson en formaður er kosinn til eins árs samkvæmt lögum HSÍ. Aðrir sem kosnir voru til tveggja ára eru Ásta Óskarsdóttir, Vigfús Þorsteinsson, Guðmundur B. Ólafsson. Kjartan Steinbach hætti í stjórn en hann var ritari stjórnar og í hans stað kom Þorgeir Jónsson. Jafnfram óskað Kristján Arason eftir því að fá að hætta í stjórn og í hans stað kom Einar Einarsson. Voru Kjartani og Kristjáni þakkað gott starf fyrir HSÍ.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 12 formlega fundi. Þar fyrir utan voru haldnir 4 fundir með formönnum aðildarfélaganna. Snérust þeir fundir meðal annars um málefni hreyfingarinnar, kynningar á N1 deildunum og Eimskipsbikarnum, málefni 1 deildar karla, um mótakerfið í efstu deildum, sjónvarpsmál og komandi Ársþing HSÍ. Eins og undanfarin ár eru ekki allir sammála um mótakerfið í úrvalsdeild karla þó flestir séu á því að núverandi fyrirkomulag sé gott og að nauðsynlegt sé að halda stöðugleika í fyrirkomulaginu.

Varðandi umfjöllun í úrvalsdeild karla og kvenna þá hefur hún eins og undanfarin ár verið misjöfn hjá fjölmiðlum almennt. Á milli HSÍ og RÚV er samningur um sjónvarpsréttinn á úrvalsdeildum karla og kvenna, ásamt landsleikjum og munu útsendingar á þessu keppnistímabili verða 39 talsins. Samstarfið við RUV hefur verið ágætt en erfitt hefur verið um vik að koma leikjum inn í dagskrána á virkum dögum. Stöð 2 Sport fékk sjónvarpsréttinn að HM kvenna að þessu sinni en þeir áttu hæsta tilboð í sjónvarpsréttinn. Urðu mikil blaðaskrif vegna þessa en HSÍ átti engan þátt í þeirri sölu. Umfjöllunin um HM 2011 kvenna og útsendingar frá leikjum var Stöð 2 Sport til fyrirmyndar og má segja að þeir hafi gefið tónin um það hvernig skal standa að góðri umfjöllun í kringum svona stórkeppnir. Einnig náði Stöð 2 sport að tryggja sér réttin frá forkeppni Ólympíuleikanna sem fram fór í Króatíu um páskana og er ljóst að 365 miðlar hafa sýnt handboltanum meiri áhuga á árinu en á undanförunu árum. SportTV sendir út beinar útsendingar á völdum leikjum á netinu og urðu þær 55 talsins. Nú sem áður hefur það verið keppikefli HSÍ að fá sem flestar beinar útsendingar frá leikjum í efstu deildum og einnig telur sambandið nauðsynlegt að fá fleiri alvöru þætti sem fjalla um handboltann.

HSÍ lagði fram ýmsar kröfur um umgjörð í kringum leiki í Úrvalsdeildum karla og kvenna fyrir fjórum árum. Nokkur félög hafa lagt mikinn metnað í bæði framkvæmd og umgjörð leikjanna og hefur það í flestum tilvikum gengið eftir að þar sem vel er vandað til verksins hefur aðsókn á leikina aukist og stemmningin í kringum bæði lið og áhorfendur verið öflugri.

HSÍ hefur sett stefnu á að öll landslið sambandsins nái langt á þeim mótum sem við tökum þátt í. Við viljum að yngri landsliðin og A-landsliðin séu öll að keppa í lokakeppnum EM og HM. Þessu höfum við verið að ná og þar af leiðandi hefur rekstrarkostnaður okkar aukist all nokkuð þar sem stór hluti kostnaðar eru ferða og gistikostnaður erlendis. Og ekki hjálpar veik staða íslensku krónunnar. Rekstur sambandsins var því þungur á síðasta ári og ekki hjálpaði efnahagsástandið í landinu. En með miklum dugnaði tókst að halda rekstrinum í jafnvægi og er niðurstaða rekstrarársins neikvæður um 800 þúsund, eftir að búið er að taka um 2,5 milljónir í afskrifstjóð. Verður það að teljast ásættanlegt miðað við þau stóru og kostnaðarsömu verkefni sem landslið okkar voru í

Á árinu jókst velta sambandsins um rúmar 14 milljónir og er ástæða þess góður árangur karla- og kvennalandslíðsins og dugnaður forsvarsmanna sambandsins við söfnun og öflun samstarfsaðila. Á árinu 2010-2011 fékk Sambandið 10. milljónir þegar að karlalandslíðið náði bronsverðlaunum á EM í Austurríki en á rekstarárinu 2011-2012 náði karlalandslíðið 6. sæti á HM í Svíþjóð og kvennalandslíðið hafnaði í 12. sæti á HM í Brasilíu. Vegna góðs árangurs kvennalandslíðsins fékk liðið 3ja milljóna króna styrk frá Riskisstjórn Íslands. Kostnaður við rekstur sambandsins er alltaf að aukast þar sem að bæði karla og kvennalandslíðin léku til úrslita á Heimsmeistaramótunum. Eins og fyrr segir stafar það einkum af veikum gengi krónunnar og er fargjaldakostnaður alltaf að hækka. Ljóst er að stjórn sambandsins þarf að forgangsraða í verkefnum landsliða og verður ekki hægt að taka þátt í öllum þeim mótum sem HSÍ stendur til boða. Stjórn HSÍ ákvað hins vegar að halda áfram þátttöku í öllum undankeppnum allra landsliða. Er það liður í áframhaldandi metnaðarfullu starfi sambandsins.

Samstarfsaðilar eru mjög mikilvægir í rekstri HSÍ og ekkert sérsamband er með eins stóran hluta tekna sinna af samstarfssamningum við styrktaraðila. Má segja að 70 -75% af tekjum sambandsins sé sjálfsaflafé sem aflað er í gegnum samstarfs- og stuðningsaðila HSÍ. Afreksmannasjóður úthlutaði styrkjum til karla og kvennalandslíðanna á árinu 2011 og er HSÍ að fá svipaða upphæð fyrir karlalandslíðið en hærri upphæð vegna kvennalandslíðsins þar sem liðið lék í úrslitakeppni HM.

Yfirstandandi rekstrarár mun verða sambandinu mjög erfitt. Þáttaka A-landsliðs karla á Olympíumótinu í London vegur þar lang þyngst en sú þáttaka kostar sambandið um 40 milljónir. Því er það svo að stjórn leggur fram fjárhagsáætlun sem er með neikvæða niðurstöðu um ca 25 milljónir. Slíkt er auðvitað óásættanlegt og alveg ljóst að sjórn mun vinna ötullega að því að raun niðurstaða verði allt önnur. Til þess að svo megi verða þarf sambandið að afla fjármagns frá samstarfsaðilum, ÍSÍ og hinu opinbera. Það er ekki í hendi þegar áætlunin er lögð fram og því er þetta blákaldur veruleikinn eins og hann er í dag.

Á síðasta ársþingi HSÍ kynnti stjórn vinnu sem hafin var í samvinnu við Capacent við stefnumótun HSÍ til ársins 2015. Að þessari vinnu komu starfsmenn, stjórn, nefndarmenn og ýmsi aðilar innan hreyfingarinnar. Lauk þessari vinnu á síðasta ári og var mótuð stefna í fimm flokkum: fræðslu-, móta-, landsliðs- og dómaramálum auk reksturs og innri mála sambandsins. Mörkuð voru stefnustef fyrir hvern flokk og sett markmið, aðgerðir og verkefni. Margvísleg langtíma og skammtíma verkefni komu úr þessari vinnu og hefur verið unnið með þau verkefni. Sumum verkefnanna er lokið, önnur í vinnslu og önnur sem bíða úrlausna. Meðal þess sem úr þessari vinnu hefur komið er að nauðsynlegt var talið að ráða starfsmann til að synna fræðslu og útbreyðslumálum. Ráðinn hefur verið starfsmaður sem mun hefja störf innan fárra vikna. Mótaðar hafa verið siðareglur sambandsins sem verða gefnar út og kynntar

á næstu dögum. Fjármálastjórnun hefur verið endurskipulögð í samstarfi við Fjárstoð sem nú tekur að sér ýmis verkefni sem starfsmenn, stjórnarmenn og verktakar sinntu áður. Og svo mætti lengur telja. Þó er ljóst að vegna bágs fjárhagsstöðu sambandsins munu mörg brýn verkefni bíða betri fjárhags.

ÍSLANDSMÓT N1 DEILDIRNAR

N1 er samstarfsaðili Úrvalsdeilda karla og kvenna og er mikið fjármagn sett til þess að kynna deildirnar. Keppnistímabilið 2011 – 2012 er leikið eins og í fyrra. Á vordögum sáum við fram á aukningu í kvennadeildinni en þegar á reyndi urðu liðin 9 í deildinni. Átta karlalið og níu kvennalið í hvorri Úrvalsdeild og er leikin þreföld umferð hjá körlum en tvöföld umferð hjá konum en síðan tekur við úrslitakepni fjögurra efstu liða í karla en sex efstu liða hjá konunum. Sú breyting var samþykkt á síðasta ársþingi. Haukar urðu deildarmeistarar karla og mætast svo FH og HK í úrslitum um Íslandsmeistaratitil karla. Valur varð deildarmeistari kvenna og mætast Valur og Fram í úrslitum um Íslandsmeistaratitil kvenna 1. deildin er með sex liðum og hefur hún gengið nokkuð vel. Sigurvegarar 1. deildar karla varð lið ÍR og munu þeir leika í N1 deildinni að ári.

EIMSKIPS BIKARINN.

Eimskip kom inn sem samstarfsaðili fyrir Bikarkeppnina haustið 2007 og hefur úrslitahelgin í Eimskipsbikarnum verið vinsælli með hverju árinu enda mikið lagt í alla umgjörð og framkvæmd úrslitaleikjanna. Hægt er að fullyrða að umgjörðin nú í ár hafi verið sú glæsilegasta. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum í meistaraflokki karla og kvenna, og jafnframt voru allir úrslitaleikir í yngri flokkum sýndir á netinu í gegnum Sport TV. Bikarmeistari kvenna varð Valur eftir úrslitaleik við ÍBV og í karlaflokki léku til úrslita Fram og Haukar og urðu Haukar bikarmeistarar.

YNGRI FLOKKAR.

Deildarkeppni er í yngri flokkum frá 4. flokki. Hefur mótahald gengið vel og er ljóst að mótanefnd HSÍ hefur staðið sig mjög vel á þessu keppnistímabili. Í 5-8 flokki er mótunum úthlutað til félagana og hefur sú framkvæmd gengið vel.

LANDSLIÐIN.

Samtals léku öll karla landslið sambandsins 44 landsleiki og þar af A-landsliðið 19 leiki. Og kvenna landsliðin léku samtals 35 leiki og þar af A-landsliðið 23 leiki. Því voru landsleikir á vegum sambandsins alls 79.

Karlalandsliðið tók þátt í mörgum verkefnum á árinu 2011 og var íþróttalegur árangur góður hjá liðinu, en það komst inn á EM í Serbíu í gegnum riðlakeppni. Liðið hafnaði í 11. sæti. Liðið vann sér síðan rétt til þátttöku á Ólympíleikunum í London sem fara fram í júlí og byrjun ágúst 2012. Liðið mun síðan leika tvo leiki við Hollendinga heima og að heiman um þátttökurétt á HM 2013 á Spáni. Guðmundur Þ Guðmundsson er þjálfari landsliðsins og honum til aðstoðar eru Óskar Bjarni Óskarsson, Gunnar Magnússon, Ingibjörg Ragnarsdóttir, Elís Þór Rafnsson, Pétur Gunnarsson, Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson.

Verkefni kvennalandsliðsins voru fjölmörg og tók liðið þátt í forkeppnisriðli fyrir EM 2012 og er í harðri baráttu um að komast á EM í Hollandi í desember 2012. Liðið tók í fyrsta sinn þátt á HM sem haldið var í Brasilíu og náði þar 12 sæti. Þjálfari liðsins er Ágúst Jóhannsson en honum til aðstoðar var Einar Jónsson og síðar Gústaf Adolf Björnsson. Þeim til aðstoðar voru Jóhannes Lange, Elín Harðardóttir, Elís Þór Rafnsson, Gigja Kristinsdóttir, Jan Triebel og Þorbjörg Gunnarsdóttir.

20. ára landslið pílta lék forkeppni fyrir EM í Tyrklandi hér á Íslandi um páskana og komst í úrslit á EM. Nýjir þjálfarar tóku við liðinu af Heimi Ríkarðssyni á haustdögum, þeir Geir Sveinsson og Kristján Halldórsson og eru Heimi þakkað gott starf með liðið. Sjúkraþjálfari liðsins er Einar Örn Þorvarðarson.

20. ára landslið stúlkna komst ekki í gegnum forkeppni HM nú um páskana en hún fór fram í Tyrklandi. Liðið sem fór saknaði nokkurra leikmanna vegna meiðsla. Nýjir þjálfarar tóku við liðinu af Ómari Erni Jónssyni og Guðríði Guðjónsdóttur þeir Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson og er Ómari og Guðríði þakkað samstarfið.

18. ára landslið drengja tók þátt í opna Evrópumótinu í Svíþjóð í júlí 2011 og forkeppnisriðli fyrir EM sem haldin var í Tyrklandi og varð liðið í efsta sæti og komst þar með áfram í úrslitakeppni EM í Austurríki. Nýjir þjálfarar tóku við liðinu af Andra Sigfússyni sem verið hafði verkefnastjóri hópsins, þeir Heimir Ríkarðsson og Magnús Kári Jónsson. Andra er þakkað gott starf með liðið. Sjúkraþjálfari liðsins er Andrés Kristjánsson.

18.ára landslið stúlkna tekur þátt í opna Evrópumótinu nú í sumar sem haldið er í Svíþjóð. Nýjir þjálfarar tóku við af Sigurgeir Jónssyni og Ómari Erni Jónssyni þau Inga Fríða Tryggvadóttir og Halldór Harri Kristjánsson og eru Sigurgeir og Ómari þakkað samstarfið.

16. ára landslið drengja hefur verið kallað til æfinga og hefur komið saman 5 sinnum á árinu og lék liðið 3 landsleiki við Færeyjinga í júní 2011 og þrjá leiki við Frakka í desember 2011. Þjálfari liðsins fyrrihluta árs var Andri Sigfússon en í október 2011 tekur Einar Guðmundsson við liðinu. Andra eru þakkað góð störf með liðið.

16. ára landslið stúlkna hefur æft 4 sinnum á tímabilinu og þjálfarar eru Díana Guðjónsdóttir og Unnur Sigmarsdóttir.

SAMSTARFSADILAR.

Sambandið vill þakka þeim samstarfsaðilum, sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar, og má þar fremsta nefna N1, Valitor, Icelandair, Arionbanki, RÚV, Kempa, Míla, Samskip, Höldur, VÍS, Stoð, Flugfélag Íslands, Eimskip, Pósturinn, Laugar, Fönn, LS Retail, Nýherji, Íslensk Getspá, Rolf Johansen og Co. Samstarfið við þessa aðila hefur verið mjög ánægjulegt og byggist rekstur sambandsins mikið á samstarfinu við þessa aðila.

SKRIFSTOFA HSÍ.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ hefur annast allan daglegan rekstur ásamt starfsfólki HSÍ þeim Róbert Gíslasyni og Þorbjörgu Gunnarsdóttur. Ingibjörg Ragnarsdóttir hefur séð um búningamál fyrir öll landsliðin og verið liðstjóri karlalandsliðsins. Stöðugildi eru tvö og hálft um áramót 2011/2012.

Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki HSÍ fyrir frábært starf síðastliðið ár og einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu HSÍ. Er það ómetanlegt fyrir sambandið. Þá vil ég þakka stjórnarmönnum HSÍ fyrir gott samstarf sem og forsvarsmönnum aðildarfélagana.

Formaður HSÍ

Knútur G Hauksson

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KVENNA HSÍ

Nefndarskipan var sem hér segir.

Árni Þór Árnason - formaður

Guðbjörg Jónsdóttir - ritari

Ásmundur Jónsson - þjálfunarmál

Þorbjörg Gunnarsdóttir - tengsl við skrifstofu

Með nefndinni starfaði sem aðjóðlegur stuðningsmaður Helga H. Magnúsdóttir og kunnum við henni bestu þakkir fyrir góð ráð.

Helstu markmið nefndarinnar voru þessi og var unnið að þeim eftir föngum:

- 1) Bæta umgjörð kvennalandslíðsins.
- 2) Samhæfð þjálfun allra kvennalandslíða með því að mæla og skrá líkamstyrk
- 3) Fá góða þjálfara til að þjálfa kvennaliðin
- 4) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig þjálfun
- 5) Fá fleiri konur til að leggja fyrir sig dómarastarf
- 6) Koma upp fullkominni skrá yfir allar fyrrum landsliðskonur
- 6) Vera með 3 góða styrktaraðila sem leggja til 7-8 milljónir á ári til viðbótar framlagi frá sambandinu.
- 7) Leggja aukna áherslu á markvarðaðþjálfun allra landsliða.

Landsliðsþjálfarar þetta starfsár voru:

A landslið Ágúst Þór Jóhannsson og Gústaf Adolf Björnsson frá mars 2011.

U20 ára liðið Guðmundur Karlsson og Halldór Harri Kristjánsson

U18 ára liðið Halldór Harri Kristjánsson og Inga Fríða Tryggvadóttir

U16 ára liðið Unnur Sigmarsdóttir og Díana Guðjónsdóttir

Stutt yfirlit yfir helstu þætti starfsins.

Nefndin hélt 8 bókaða fundi auk annarra samskipta við skrifstofu og þjálfara og kunnum við þeim þakkir fyrir gott samstarf.

Það sem stendur uppúr á starfsárinu var þátttaka A-landsliðs kvenna á HM í Brasilíu

í desember 2011. Þetta er annað stórmótið í röð sem kvennaliðið okkar tekur þátt og sýnir miklar framfarir í kvennastarfinu á undanförunum árum. Ekki spilltu heldur glæsilegir sigrar á Svarfjallalandi, Þýskalandi og Kína.

Þá sýndi Stöð 2 frá öllum leikjum okkar á mótinu þar sem þeir höfðu keypt sýningarréttin af þessu móti og fjölmiðlar sjá sér hag í að fjalla um okkur þegar vel gengur svo það er bara að standa sig.

Undirbúningur fyrir næsta EM er í fullum gangi og höfum við unnið 2 leiki við Sviss en tapað úti fyrir Spáni og heima fyrir Úkraínu. Hagstæð úrslit þurfa að nást í þeim tveim leikjum sem eftir eru til að tryggja farseðil á mótið sjálft í desember næstkomandi.

U20 tók þátt í undankeppni HM í Tyrklandi dagana 6-8. apríl og töpuðust allir leikirnir.

Andstæðingarnir voru feikna sterkir og þær stúlkur sem ætla sér eitthvað áfram í handboltanum reyndu og sáu hvað þarf til að ná árangri í alþjóðlega boltanum.

U18 stefnir á þátttöku í Opna Evrópumótinu í byrjun júlí í Svíþjóð sem haldið er samhliða Partillecup.

U16 hópurinn er á milli 35-40 stúlkur og er höfuðáhersla á mælingar, handboltaæfingar og félagslega uppbyggingu. Haldin var æfingahelgi í ágúst síðastliðinn í Vestmannaeyjum sem tókst mjög vel og allar landsliðshelgar nýttar. Þetta starf lofar mjög góðu upp á framtíðina.

Landsliðsþjálfarar boðuðu fund með þjálfurum kvennaliða í N1 deildinni þann 23. október en þátttaka var lítil og kennt um mikilli starfsemi þennan dag. Samt er hugur í mönnum að bjóða upp á svona fundi en þeir eru mjög gagnlegir til upplýsinga og skoðanaskipta.

Þá átti landsliðsnefnd góðan vinnufund með öllum þjálfurum landsliða þann 27. desember sem Ásmundur Jónsson nefndarmaður skipulagði og tókst hann einkar vel. Var reynt að setja fókus á brýnustu verkefni og ýta þeim áfram. Nauðsynlegt er að efla samstarf og skoðanaskipti milli þjálfara og nefndarmanna eins og kostur er til að tryggja samstæða heild og stefnu.

Landsliðsnefnd kvenna lagði fram í vetur hugmynd að heimsóknunum í skóla og samstarfi við borgaryfirvöld í Reykjavík sem landsliðsþjálfari og A- landsliðskonur hafa framkvæmt í samráði við fræðslunefnd HSÍ nú á vormánuðum.

Sérstakir samstarfsaðilar að málefnum kvennalandsliða voru áfram ÍSLANDSPÓSTUR og MÍLA en LS RETAIL og ARIONBANKI komu sterkir inn og veita allir þessir aðilar verðmætan stuðning til uppbyggingar kvennahandboltans.

Kunnum við þeim miklar og góðar þakkir fyrir og reynum að gera þeirra hag sem mestan þar sem við getum.

Íslenskur handknattleikur glímir við mikinn vanda sem kallast “árangur”. Nú þegar konurnar koma sterkar inn eykst bara vandinn og rekstarkostnaðurinn. Auk þeirra góðu fyrirtækja og einstaklinga sem styðja okkur er nauðsynlegt að forgangsraða öðru vísi hjá ríki og borg. Núverandi borgarstjórn Reykjavíkur lagði niður Silfursjóðnum svokallaða sem stofnaður var í sigurvímu árið 2008 og ætlaður var til að byggja upp handknattleik og temja ungu fólki hugsunarhátt sigurvegaranna. Þetta er ekki sú afgreiðsla sem íþróttafólkið okkar á skilið og við verðum að gera okkur grein fyrir því að það berst enginn fyrir okkur, við verðum að gera það sjálf.

A-landslið Kvenna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Mið. 20.apr.2011	Antalya	Ísland - Tyrkland	27-25	Æfingamót
Fim. 21.apr.2011	Antalya	Ísland - Pólland	24-22	Æfingamót
Sun. 29.maí.2011	Vodafone höllin	Ísland - Svíþjóð	20-22	Vináttulandsleikir
Mán. 30.maí.2011	Vodafone höllin	Ísland - Svíþjóð	23-24	Vináttulandsleikir
Sun. 5.jún.2011	Vodafone höllin	Ísland - Úkraína	37-18	Umspil fyrir HM
Sun. 12.jún.2011	Uzhgorod	Ísland - Úkraína	24-24	Umspil fyrir HM
Fös. 23.sep.2011	Chorzow	Ísland - Holland	23-29	Æfingamót
Lau. 24.sep.2011	Chorzow	Ísland - Pólland	22-26	Æfingamót
Sun. 25.sep.2011	Chorzow	Ísland - Tékkland	28-30	Æfingamót
Fim. 20.okt.2011	Madrid	Ísland - Spánn	22-27	Undankeppni EM
Sun. 23.okt.2011	Laugardalshöll	Ísland - Úkraína	20-21	Undankeppni EM
Fös. 25.nóv.2011	Vodafone höllin	Ísland - Tékkland	31-24	Vináttulandsleikir
Lau. 26.nóv.2011	Vodafone höllin	Ísland - Tékkland	33-30	Vináttulandsleikir
Lau. 3.des.2011	Santos	Ísland - Svartfjallaland	22-21	HM í Brasilíu
Sun. 4.des.2011	Santos	Ísland - Angóla	24-28	HM í Brasilíu
Þri. 6.des.2011	Santos	Ísland - Noregur	14-27	HM í Brasilíu
Mið. 7.des.2011	Santos	Ísland - Þýskaland	26-20	HM í Brasilíu
Fös. 9.des.2011	Santos	Ísland - Kína	23-16	HM í Brasilíu
Sun. 11.des.2011	Barueri	Ísland - Rússland	19-30	HM í Brasilíu
Fim. 22.mar.2012	Sviss	Ísland - Sviss	26-19	Undankeppni EM
Sun. 25.mar.2012	Vodafone höllin	Ísland - Sviss	31-16	Undankeppni EM
Mið. 30.maí.2012	Vodafone höllin	Ísland - Spánn		Undankeppni EM
Sun. 3.jún.2012	Zaporozshe	Ísland - Úkraína		Undankeppni EM

Samtals 23 leikir

20 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 22.apr.2011	Pozega	Ísland - Serbía	23-27	Undankeppni EM
Lau. 23.apr.2011	Pozega	Ísland - Spánn	23-36	Undankeppni EM
Sun. 24.apr.2011	Pozega	Ísland - Finnland	37-34	Undankeppni EM
Fös. 6.apr.2012	Antalya	Ísland - Rússland	19-41	Undankeppni HM
Lau. 7.apr.2012	Antalya	Ísland - Rúmenía	25-41	Undankeppni HM
Sun. 8.apr.2012	Antalya	Ísland - Tyrkland	22-29	Undankeppni HM

Samtals 6 leikir

18 ára landslið stúlkna

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 25.mar.2011	Víkin	Ísland - Króatía	23-22	Undankeppni EM
Lau. 26.mar.2011	Víkin	Ísland - Spánn	19-27	Undankeppni EM
Sun. 27.mar.2011	Víkin	Ísland - Sviss	29-26	Undankeppni EM
Mán. 2.júl.2012	Gautaborg	Ísland - Þýskaland		Opna Evrópumótið
Mán. 2.júl.2012	Gautaborg	Ísland - Rúmenía		Opna Evrópumótið
Þri. 3.júl.2012	Gautaborg	Ísland - Ítalía		Opna Evrópumótið

Samtals 6 leikir

f.h landsliðsnefndar kvenna

Árni Þór Árnason form.

SKÝRSLA LANDSLIÐSNEFNDAR KARLA HSÍ

Ein breyting varð á skipan landsliðsnefndar karla frá síðasta ári Einar Einarsson var kosinn í stjórn og tók að sér formennsku landsliðsnefndar karla í staðinn fyrir Kristján Arason.

Nefndarmenn eru,

Einar Einarsson formaður

Jakob Sigurðsson

Páll Ólafsson

Ingibjörg Ragnarsdóttir

Kristján Arason

Handknattleikssamband Íslands fór í stefnumótun á árinu 2011 þar sem meðal annars mótuð stefna til framtíðar fyrir landslið HSÍ. Stefna HSÍ er að vera í fremstu röð í öllum landsliðum og eiga landslið sem er meðal 10 bestu landsliða heims.

Til þess að það gangi eftir þarf markvissa uppbyggingu og viðhalda þeirri stöðu sem karlaliðið hefur verið í sl ár. Mynduð hafa verið sérstök markmið er varða:

- Umgjörð
- Líkamlegt atgerfi (Test)
- Andlegt atgervi

Unnið er að nýrri Afreksstefnu sem mun verða kynnt aðildarfélögum á formannafundi næsta haust.

Öll landslið eru komin í úrslit á árinu og er Íþróttalegur árangur hjá karlalandsliðunum er búin að vera góður á síðasta starfsári 2011.

A - landslið karla lenti í 6. sæti á HM í Svíþjóð í janúar 2011 og lenti í 11. sæti á EM karla í Serbíu 2012. A - landslið karla er komið inn á Olympíuleikana í London og framundan eru leikir við Hollendinga um laust sæti á Heimsmeistaramótinu sem fram fer á Spáni í janúar 2013

U - 20 ára landsliðið drengja lenti í 9. sæti á Opna Evrópumeistaramótinu í Svíþjóð sem fram fór í Júlí 2011 og er liðið komið í úrslit Evrópumeistaramótsins sem fram fer í Tyrklandi nú í Júlí 2012 en forkeppnin fór fram á Íslandi nú um Páskana og vann liðið sinn riðil.

U – 18 ára landslið pilta tók þátt í Victors cup um Jólin og lék þrjá Landsleiki í Noregi í október 2011 en nú er liðið í úrslit Evrópumeistaramótsins sem fram fer í Austurríki í Júlí 2012 eftir forkeppni sem fram fór í Tyrklandi en þar vann liðið sinn riðil.

U - 16 ára landslið drengja lék 6 vináttulandsleiki á Íslandi á árinu 2011 3 við Færeyjunga í Júní og 3 við Frakka í Desember.

Landsliðsþjálfarar karlaliðanna eru:

A landslið: Guðmundur Guðmundsson og Óskar Bjarni Óskarsson

20 ára lið: Geir Sveinsson og Kristján Halldórsson

18 ára lið: Heimir Ríkharðsson

16 ára lið: Einar Guðmundsson

U - 16 ára landslið drengja lék 5 vináttulandsleiki á Ísland 3 við Færeyjunga í Júní og 2 við Frakka í Desember 2011.

Eftirtaldir leikir voru leiknir hjá Karlalandsliðunum.

A-landslið Karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Mið. 8.jún.2011	Dobele	Ísland - Lettland	29-25	Undankeppni EM
Sun. 12.jún.2011	Laugardalshöll	Ísland - Austurríki	44-29	Undankeppni EM
Fös. 6.jan.2012	Kolding	Ísland - Pólland	31-31	Æfingarmót í DK
Lau. 7.jan.2012	Herning	Ísland - Slóvenía	29-26	Æfingarmót í DK
Sun. 8.jan.2012	Aarhus	Ísland - Danmörk	27-31	Æfingarmót í DK
Fös. 13.jan.2012	Laugardalshöll	Ísland - Finnland	43-25	Vínáttulandsleikir
Mán. 16.jan.2012	Vrsac	Ísland - Króatía	29-31	EM í Serbíu
Mið. 18.jan.2012	Vrsac	Ísland - Noregur	34-32	EM í Serbíu
Fös. 20.jan.2012	Vrsac	Ísland - Slóvenía	32-34	EM í Serbíu
Sun. 22.jan.2012	Novi Sad	Ísland - Ungverjaland	27-21	EM í Serbíu
Þri. 24.jan.2012	Novi Sad	Ísland - Spánn	26-31	EM í Serbíu
Mið. 25.jan.2012	Novi Sad	Ísland - Frakkland	29-29	EM í Serbíu
Mið. 14.mar.2012	Mannheim	Ísland - Þýskaland	22-32	Vínáttulandsleikir
Þri. 3.apr.2012	Laugardalshöll	Ísland - Noregur	34-34	Vínáttulandsleikir
Fös. 6.apr.2012	Varazdin	Ísland - Chile	25-17	Undankeppni ÓL
Lau. 7.apr.2012	Varazdin	Ísland - Japan	41-30	Undankeppni ÓL
Sun. 8.apr.2012	Varazdin	Ísland - Króatía	28-31	Undankeppni ÓL
Sun. 10.jún.2012	Laugardalshöll	Ísland - Holland		Undankeppni HM
Lau. 16.jún.2012		Ísland - Holland	36-31	Undankeppni HM

Samtals 19

U-20 árs landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 4.nóv.2011	Drammen	Ísland - Noregur	24-36	Æfingarmót í Noregi
Lau. 5.nóv.2011	Drammen	Ísland - Svíþjóð	24-33	Æfingarmót í Noregi
Sun. 6.nóv.2011	Drammen	Ísland - Tékkland	26-31	Æfingarmót í Noregi
Lau. 14.jan.2012	Laugardalshöll	Ísland - Finnland	27-30	Vínáttulandsleikir
Fös. 6.apr.2012	Víkin	Ísland - Bosnía - Herzegovína	30-28	Undankeppni EM
Sun. 8.apr.2012	Víkin	Ísland - Eistland	28-24	Undankeppni EM
Fim. 5.júl.2012	Ankara	Ísland - Danmörk		EM í Tyrklandi

Fös. 6.júl.2012	Ankara	Ísland - Svíþjóð	EM í Tyrklandi
Sun. 8.júl.2012	Ankara	Ísland - Sviss	EM í Tyrklandi

Samtals 9 leikir

U-19 ára landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Þri. 27.des.2011	Dreisbach	Ísland - Saar	25-25	Victors Cup
Mið. 28.des.2011	Dreisbach	Ísland - Pólland	30-25	Victors Cup
Mið. 28.des.2011	Dreisbach	Ísland - Sviss	21-24	Victors Cup
Fim. 29.des.2011	Dreisbach	Ísland - Þýskaland	22-34	Victors Cup
Fim. 29.des.2011	Dreisbach	Ísland - Sviss	20-22	Victors Cup
Fös. 13.apr.2012	Antalya	Ísland - England	38-20	Undankeppni EM
Lau. 14.apr.2012	Antalya	Ísland - Moldavía	43-21	Undankeppni EM
Sun. 15.apr.2012	Antalya	Ísland - Tyrkland	17-14	Undankeppni EM
Fim. 12.júl.2012	Bregenz	Ísland - Þýskaland		EM í Austurríki
Fös. 13.júl.2012	Bregenz	Ísland - Svíþjóð		EM í Austurríki
Sun. 15.júl.2012	Bregenz	Ísland - Frakkland		EM í Austurríki

Samtals 11 leikir

U-16 ára landslið karla

Dags.	Staðsetning	Leikur	Úrslit	Keppni
Fös. 10.jún.2011	Seljaskóli	Ísland 2 - Færeyjar	29-37	Vínáttulandsleikir
Lau. 11.jún.2011	Seljaskóli	Ísland 3 - Færeyjar	22-24	Vínáttulandsleikir
Sun. 12.jún.2011	Seljaskóli	Ísland 1 - Færeyjar	27-26	Vínáttulandsleikir
Lau. 17.des.2011	Strandgata	Ísland - Frakkland	22-25	Vínáttulandsleikir
Mán. 19.des.2011	Kaplakriki	Ísland - Frakkland	30-29	Vínáttulandsleikir

Samtals 5 leikir

Landsliðsnefnd karla vill þakka stjórn, starfsmönnum, og landsliðspjálfurum HSÍ ásamt landsliðsmönnum samstarfið á keppnistímabilinu.

Einar Einarsson

Formaður Landsliðsnefndar

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2011-2012

Vigfús Þorsteinsson, formaður.

Ásta Björk Sveinsdóttir

Pétur Vilberg Guðnason

Viktor Ragnarsson

Sigurður Örn Þorleifsson.

Starfsmaður mótanefndar var Róbert Gíslason og eru honum þökkun góð störf.

Starfsemi mótanefndar fór að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum, og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Einnig hélt mótanefnd nokkra fundi.

Mótanefnd hefur umsjón með mótahaldi og sá um uppröðun móta og umfjöllun um álitamál og breytingar. Mótanefnd útbjó og gaf út handbók leikja fyrir Íslandsmót. Þá yfirfór mótanefnd reglugerð um handknattleiksmót og kom með breytingatillögum fyrir stjórn HSÍ.

Meistaraflokkar

Umferðartal var kynnt 23.maí 2011.


Lokadrög að leikjaplani voru send félögum til umfjöllunar 15.ágúst 2011 og voru óskir félaga umbreytingar afgreiddar að mestu fyrir 25.ágúst 2011.

Íslandsmót í mfl. karla og kvenna voru gefin út 5.september en þar sem eitt lið dró sig úr keppni 9.september í N1 deild kvenna breyttist N1 deild kvenna þó nokkuð.

Íslandsmót meistaraflokka


Sú breyting varð á keppni í meistaraflokki karla að felld var úr reglugerðum heimild til að senda inn ungmennalið og voru því aðeins 6 lið í 1. Deild karla. Það virðist ekki hafa haft neikvæð áhrif á deildina því hún var jöfn og spennandi. Þá var einnig úrslitakeppni breytt þannig að nú léku 6 lið í úrslitakeppni N1 deildar kvenna.

Eins og sjá má á grafi um Áhorfendafjölda frá 2004, þá virðumst við frekar vera að auka við okkur.




Hérna eru síðan áhorfendatölur í deildarkeppni fyrir einstök félög frá 2007

Karlar



Konur



ATH hérna eru ekki leikir í umspili og úrslitakeppni N1

Í deildarkeppni voru líkt og síðustu ár fastir leikdagar.

N1 deild karla : Fimmtudagar

N1 deild kvenna: Laugardagar

1.deild karla : Föstudagar.

Spila þurfti þó síðustu 2 umferðirnar í N1 deild karla á föstudegi, þar sem íþróttahús voru upptekin á fimmtudegi þegar 3. umferðinni var raðað niður.

Deildarbikar

Eins og undanfarin ár var deildarbikarinn leikinn milli jóla og nýárs í Strandgötu og heppnaðist hann vel líkt og undanfarin ár.

Bikarkeppni

Í meistaraflokki karla tóku þátt 24 lið í bikarkeppni HSÍ og í mfl. kvenna tóku þátt 15 lið. Bikarkeppnin bar nafnið Eimskipsbikarinn.


Yngri flokkar

Í fyrra var voru allir úrslitaleikir yngri flokka leiknir á 1 degi líkt og gert hefur verið í bikarnum og gafst það mjög vel. Á fundi um málefni yngri flokka síðasta vor var mikill vilji til að árgangaskipta 4. flokki líkt og gert er í 5. og 6. flokki og hætta með B lið. Ákveðið var að setja saman nefnd sem skyldi fara yfir keppnisfyrirkomulag í 2-4 flokki nefndinni sátu 3 fulltrúar frá félögunum, þeir Jóhannes Lange, Ólafur Finnbogason og Kári Sigurðsson.. Niðurstaða hennar var að fara í árgangaskiptingu í 4. flokki og losna þannig við forkeppnir á haustin. Þessi tillaga verður lögð fyrir félögin núna í vor.

Breytingar á leikjum

Það eru alltaf töluverðar tilfærslur á leikjum í yngri flokkum sem að mestu má rekja til þess að félögin virðast ekki fara yfir leikjaplan vetrarins. Það kemur til dæmis upp á hverju ári að eitthvað félag þarf að fá leikjum breytt þar sem það er að spila í vetrarfrí skólans í viðkomandi bæjarfélagi, flokkar sem "samnýta" leikmenn eru að keppa á sama tíma (t.d. 5.fl. eldra ár og B lið 4. flokks). Þetta er eitthvað sem ætti auðveldlega að vera hægt að koma í veg fyrir.

Í vetur voru 322 leikir færðir á milli daga og tímasetningu var breytt á 173, heildarleikjafjöldi í vetur var 1584 og því er þetta frekar hátt hlutfall. Á móti kemur að af þessum leikjum sem var breytt voru 118 leikir færðir vegna annarra breytingar.



Eins og áður var stór hluti þessara breyting vegna ófærðar, en veðurfar í vetur var mun erfiðara en undanfarin ár. Í mörgum tilfellum var verið að óska eftir breytingum með mjög skömmum fyrirvara vegna tilfallandi aðstæðna hjá öðru liðinu.

Það er spurning hvort það eigi að rýmka skilyrði fyrir því að fá breytingar á leikjum í yngri flokkum eitthvað, til dæmis með því að opna fyrir það að auðvelda liðum að fá leikjum breytt langt fram í tímann, þannig hægt væri jafnvel að flýta leiknum. En vandamálið við breytingar hingað til er að við höfum alltaf verið að færa leiki aftur og lendum svo í tómun vandræðum með að klára alla leiki fyrir úrslitakeppni.

Framkvæmd leikja


Miðað við þær skýrslur sem mótanefnd berst, verður ekki betur séð en að framkvæmd leikja sé í megin atriðum í lagi. Í yngri flokkum bárust 39 umsagnir og er það reyndar alltof lítið, en það merkilega er að meiriparturinn eru ekki kvörtunarskýrslur og því má ætla að við séum að standa okkur ágætlega þarna.

Samkvæmt þeim umsögnum sem bárust v/móta í 5. – 8. Flokki virðast þau mót hafa að langmestu farið mjög vel fram.


Liðafjöldi

Þó svo að liðum virðst fækka í elstu kvennaflokkunum er liðum að fjölga í öllum öðrum flokkum. Þá er einnig ljóst að mesta brottfallið liggur á milli 5. - 4. flokks og þar þarf að leggja áherslu á að halda iðkendum í handbolta.

Liðafjöldi karla



Liðafjöldi kvenna




ATH Búið er að taka tillit til breytinga á leikmannafjölda í liðum í 6. og 7. fl. síðustu ár

Breyting á fj. liða er munur á liðafjölda í 4.fl. og 3.fl. 2 árum síðar.

T.d. voru 43 lið í 5.fl. 2004 en aðeins 27 lið í 4.fl. 2006 og fækkunin því um 16 lið.

Fjöldi félaga sem taka þátt í mótum



Lokaorð.

Mótið í ár hefur gengið nokkuð snurðulaust og voru nánast engin vandræði með að klára alla leiki í yngri flokkum fyrir úrslit, en það hefur oft á tíðum verið töluverður hausverkur, því langflestar breytingar á leikjum eru þannig að þeim er ýtt aftur og því oft verið erfitt að klára deildarkeppni í tíma, sér í lagi hjá liðum utan af landi.

Með handboltakveðju

Mótanefnd HSÍ.

SKÝRSLA DÓMARANEFNDAR HSÍ

Haustfundur var haldinn í ágúst þar sem mættu rúmlega þrjátíu C-stigs dómara. Þeir gengust undir bæði bókleg og líkamleg próf með góðum árangri. Á fundinum var farið yfir leikreglur og áherslur vetrarins. Í tengslum við haustfundinn var haldið C-stigs dómaranámskeið þar sem 7 mættu. Annar fundur var síðan haldinn í janúar þar sem allir gengust undir bæði bóklegt og líkamlegt próf.

Í ágúst var einnig haldinn fundur með dómaratengiliðum, sem er nýtt hlutverk hjá félögunum og sett upp til að efla tengsl við dómaranefnd og uppbyggingu dómaramála í hverju félagi fyrir sig. Ágæt þátttaka var á fundinum og talsverðar væntingar eru um að þetta hlutverk hjálpi til við að bæta umgjörð dómaramála.

Síðastliðið haust ákvað dómaranefnd að leggja spurningarlista fyrir dómara, þjálfara og dómaratengiliði með það fyrir augun að bæta dómgæslu og samskipti og kanna meðal annars hvaða kostum góðir dómara og þjálfara ættu að vera gæddir. Niðurstöður þeirra má sjá hér að neðan.


Niðurstöður dómara

Dómarar



Niðurstöður þjálfara

Þjálfarar




Niðurstöður dómaratengiliða

Tengiliðir




Niðurstöður allra

Allir saman




Hver af eftirtöldum atriðum telur þú að hafi verið mest ábótavant hjá dómurum á síðasta ári?




Svör frá þjálfurum.

Telur þú að stuttur tæknifundur með dómurum/eftirlitsmanni, umsjónarmanni leiks og liðstjórum beggja liða þar sem fjallað er um leikskýrslu, liti á búningum, inngöngu liða og þess háttar vera til bóta fyrir umgjörð leiksins?



Svör frá dómaratengiliðum.


Telur þú að það væri betra að leyfa 16 leikmenn á skýrslu í stað 14?



Svör frá þjálfurum



Svör frá dómaratengiliðum.



Svör frá þjálfurum.

Í vetur var í fyrsta skipti beitt viðurlögum þegar félög útveguðu ekki réttindadómara á leiki í 3. flokki og ef þau gátu ekki tilkynnt C-stigs dómara með þátttökutilkynningum í meistaraflokki. Gerð var samantekt síðastliðið haust á sektargreiðslum félaga og má sjá sundurliðun hennar hér að neðan.

Dómarasektir

2011-2012

2010-2011

	Eiga að útvega	Hafa tilnefnt	Eiga að útvega	Hafa tilnefnt	Sektir mfl.	Sektir y.fl
Afturelding	2	1	2	1	105.000 kr.	60.000 kr.
Akureyri	2	2	2	0	210.000 kr.	
FH	4	3	6	3	285.000 kr.	60.000 kr.
Fjölur	2	3	2	2	- kr.	
Fram	4	5	4	6	- kr.	
Gróttu	4	2	2	0	180.000 kr.	
Haukar	4	4	4	6	- kr.	120.000 kr.
HK	4	2	4	3	90.000 kr.	
ÍBV	4	2	4	4	- kr.	120.000 kr.
ÍR	2	2	4	0	390.000 kr.	110.000 kr.
KA/Pór	2	0	4	3	90.000 kr.	
Selfoss	2	4	4	2	210.000 kr.	
Stjarnan	4	1	4	0	390.000 kr.	140.000 kr.
Valur	4	0	4	0	390.000 kr.	180.000 kr.
Víkingur	2	1	2	1	105.000 kr.	55.000 kr.
	46	32	52	31	2.445.000 kr.	845.000 kr.

Ljóst er að ef félög líta á sektargreiðslur sem betri útgönguleið heldur en að útvega dómara að þá þarf að hækka þær verulega.

A-stigs námskeið voru haldinn á mánudögum eftir beiðni félaganna og héldu 10 félög slík námskeið á tímabilinu.

Eitt B-stigs námskeið var haldið þar sem 6 einstaklingar þreyttu próf en þrátt fyrir auglýsingar og margar tilraunir til að halda fleiri námskeið að þá tókst það ekki. Hér að neðan má sjá uppbyggingu námsins og fjölda dómara eftir félögum í byrjun apríl 2012.



Fjöldi dómara 2010-2011 + 2011-2012

	A-stig	B-stig	C-stig	Deildardómarar	Samtals
Afturelding	26+22	1+1	1	1	29+23
Akureyri	0	1	0+2	0+2	1+2
FH	36	32	3	3	74
Fjölnir	18+34	0+2	1	3	22+36
Fram	9+29	8	4	7	28+29
Fylkir	21+12	2+2	0+2	0+2	23+16
Gróttu	55+55	18	3	5	81+55
Hamrarnir	3	1	0	0	4
Haukar	58+21	33	7	4	102+21
HK	50	14	1+1	3+1	68+1
HKR	2	0	0	2	4
Hörður	0	0	0	0	0
ÍBV	13	2	0	0	15
ÍR	55+31	10+1	9	2	76+32
KA	22	10	5	0	37
KR	16	2	0	2	20
Selfoss	27	0	1+2	2+1	30+3
Stjarnan	55	1	2	0	58
Valur	41	4	1	0	46
Víkingur	3+23	4	0	1	8+23
Völsungur	0	0	0	0	0
Pór	15	2	0	0	17
Próttur	30	0	0	0	30
Samtals	555+227	145+6	38+7	35+6	773+240

Margrét Berg Theodórsdóttir og Arna Garðarsdóttir hafa borið hitann og þungan af fræðslunámskeiðum dómaranefndar. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda úti svo öflugri fræðslu og er þeim sérstaklega þakkað fyrir frábært framlag.

Ólafur Örn Haraldsson og Kjartan K. Steinbach hafa séð um niðurröðun dómara fyrir hönd dómaranefndar ásamt Róberti G. Gíslasyni á skrifstofu HSÍ og Guðjón L. Sigurðsson um innlend og erlend samskipti.

Talsverð umræða varð um kostnað vegna dómara og eftirlitsmanna og leita menn allra leiða til að spara í rekstri félaganna. Oft hefur þó málið verið rætt án þess að fyrir liggi skipting á milli deilda og flokka og hver raunverulegur kostnaður er. Dómaranefnd óskaði þess vegna eftir slíkri sundurliðun og gaf skrifstofa HSÍ neðangreindar upplýsingar fyrir tímabilið 2010-2011 sem voru þó að hluta til byggðar á kostnaðaráætlun en ekki rauntölum.

Kostnaður vegna 2010-2011

• N1 deild karla	3.337.180 kr.
• Úrslitak. N1 ka	733.680 kr.
• N1 deild kvenna	2.879.100 kr.
• Úrslitak. N1 kv	323.960 kr.
• 1.deild karla	2.887.720 kr.
• Umspil N1 ka	353.460 kr.
• Eimskips bikar	1.987.690 kr.
• 2. flokkur	3.046.160 kr.
• FÍ D.bikar	174.240 kr.
• Úrslit y flokka	1.386.430 kr.
• Bikark y flokka	1.971.150 kr.
• Aðrir leikir	346.980 kr.
•	19.427.750 kr.
• Dómgæsla	14.774.740 kr.
• Akstur	616.800 kr.
• Ferðakostnaður	1.997.610 kr.
• Dagpeningar	2.038.600 kr.
•	19.427.750 kr.
• Eftirlit	1.333.090 kr.
• Akstur	100.800 kr.
• Ferðakostnaður	215.280 kr.
• Dagpeningar	150.850 kr.
•	1.800.020 kr.

Sambærilegar tölur fyrir núverandi tímabil liggja ekki fyrir.

Dómarar og eftirlitsmenn EHF hafa verið á ferð og flugi í vetur þar sem þeim hefur verið úthlutað fjölda mjög góðra verkefna.

Anton og Hlynur dæmdu í úrslitakeppni EM í Serbíu og stóðu sig frábærlega en Hlynur varð fyrir því óhappi að veikjast á lokasprettinum og gátu þeir félagarnir ekki dæmt á lokadögum mótsins.

Ingvar og Jónas dæmdu í úrslitakeppni HM20 karla í Brasilíu og dæmdu meðal annars úrslitaleik mótsins. Í framhaldi af því var þeim boðið á Asíuleikana í Saudi-Arabíu og þar dæmdu þeir einnig úrslitaleik mótsins. Á leið heim frá Brasilíu varð Ingvar fyrir því óláni að fá blóðtappa í lungun og gat ekki dæmt í rúma tvo mánuði í byrjun tímabilsins en hefur nú náð sér þannig að er kominn á fullt aftur.

Bæði þessi pör hafa verið að dæma mikið í meistaradeild EHF og eru þau meðal fremstu dómarapara í heiminum í dag.

Arnar og Svavar fengu nýverið boð um að fara á námskeið fyrir IHF dómara í Barcelona í ágúst 2012 og ef það gengur eftir verður Ísland með þrjú IHF pör sem er frábær árangur.

Þær stöllurnar Guðrún Dóra Bjarnadóttir og Ragna Karen Sigurðardóttir fóru á nýliðanámskeið í Ungverjalandi síðastliðið sumar og stóðu sig mjög vel. Nú í vetur hafa þær verið að öðlast reynslu og hafa náð miklum framförum en á vormánuðum greindist Ragna Karen með krabbamein í hálsi og hefur því ekki getað dæmt seinni hluta tímabilsins. Hugur okkar er hjá henni og óskum við henni alls hins besta og vonum að hún komi inn af fullum krafti í haust.

Tveir nýjir eftirlitsmenn bættust í hópinn í haust og sjö nýjir C-stigs deildardómarar en álíka margir hættu á tímabilinu.

Dómaranefnd hélt nokkra fundi þar sem starfsmaður HSÍ, Róbert Gíslason, sat fundi og skráði þá.

Kristján Halldórsson var dómaranefnd innan handar við að fylgjast með líkamlegu atgervi dómara annað árið í röð og skilaði það sér í besta líkamlega atgervi dómara frá upphafi. Róbert Gíslason hefur veitt ómetanlega aðstoð við boðun dómara og utanumhald við rekstur dómaramála. Dómaranefnd færir þeim félögum þakkir fyrir frábært framlag.

Dómaranefnd HSÍ 2010-2011.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður

Arna Garðarsdóttir

Kjartan K. Steinbach

Margrét Theodórsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

EHF/IHF dómara.

Anton Gylfi Pálsson - Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson – Jónas Elíasson

EHF dómara.

Arnar Sigurjónsson - Svavar Pétursson

EHF Candidates.

Guðrún Dóra Bjarnadóttir – Ragna Karen Sigurðardóttir

EHF Young Referee Project (YRP)

Matthías Leifsson – Örn Arnarson

Eftirlitsmenn EHF

Gunnar K. Gunnarsson

Guðjón L. Sigurðsson

Helga H. Magnúsdóttir

Kjartan K. Steinbach

Kristján Halldórsson

Ólafur Örn Haraldsson

Eftirlitsmenn HSÍ

Einar Sveinsson

Margrét Berg Theodórsdóttir

Valgeir Ómarsson

Guðjón L. Sigurðsson (sign) formaður

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Nefndin var þannig skipuð í upphafi :

Gunnar Örn Erlingsson, formaður

Hilmar Garðar Hjaltason

Hrafnhildur Skúladóttir

Kristinn Guðmundsson (hætti)

Óskar Bjarni Óskarsson (hætti)

Inga Fríða Tryggvadóttir

Eins og sést af nafnalistanum hér að ofan var nefndin skipuð einvala fólki sem hefur mikið að gera og báru störf nefndarinnar nokkurn keim af því.

Nefndin stóð fyrir 4 erindum sem ekki voru vel sótt . Erindin að sjálfsögðu mis áhugaverð og mis vel skipulögð. Það er ljóst að fræðslustarf sérsambands verður ekki haldið úti í sjálfböðavinnu og hefur nefndin í samvinnu við stjórn HSÍ ráðið bót á því. Nánar að því síðar.

Nefndin hélt kynningu á Akranesi fyrir grunnskólann þar. Kynningin mæltist afar vel fyrir en ljóst er að grundvöllur er fyrir handknattleik þar. Það var Sigfús Sigurðsson sem fór fyrir hönd fræðslunefndar og kann nefndin honum bestu þakkir fyrir.

Nefndin kom að ýmsum ráðleggingum fyrir áhugasama handknattleiksáhugamenn sem hafa áhuga á að efla handboltaiðkun utan höfuðborgarsvæðisins. Má hér nefna Þorlákshöfn, Ísafjörð og sveitarfélög á Reykjanesi.

Nefndin hefur verið í samstarfi við kvennalandsliðið og fóru landsliðskonur á mót 5. og 6. flokks kvenna sem haldin voru á höfuðborgarsvæðinu. Hinsvegar er það alveg ljóst að samvinna við A-landsliðin þarf að efla. Landsliðsnefndir og þjálfarar verða að taka höndum saman við að kynna íþróttina fyrir ungviðinu. Landsliðsmenn og konur eru þar lykilþáttur. Vinna þarf skipulega með landsliðum við kynningar og útbreiðslustarf HSÍ.

Vinna við að koma RINCK þjálfunarkerfinu á, er þegar hafin og mun verða innleidd að hluta á næsta tímabili. RINCK er samevrópskt þjálfunarkerfi sem innleitt hefur verið í, á 4. tug landa. Æðsta stigið í þessu kerfi er MASTER-COACH réttindi sem nokkrir íslenskir þjálfarar hafa náð sér í eða stefna að.

Nefndin vann mikilvæga forvinnu við ráðningu starfsmanns F&Ú nefndar. Endanleg ráðning starfsmannsins var í höndum stjórnar HSÍ.

Það er krafa okkar að með ráðningu starfsmanns munu störf nefndarinnar komast í miklu betra horf og við öll getum horft björtum augum til framtíðarinnar.

Ekki þarf að fjölyrða um fjármál hér sérstaklega en ljóst er að öflugt fræðslustarf krefst fjármagns sem ekki verður tínt af trjánum. Hugsanlega þarf sambandið að beita öðrum aðferðum til að nálgast þennan vinkil, t.d út frá forvarnargildi íþróttarinnar í samvinnu við þær frábæru fyrirmyndir sem við höfum innan hreyfingarinnar.

Ég skora á alla sem áhuga hafa á fræðslu- og útbreiðslumálum handboltans, að koma fram á völlinn og leggja okkur lið við að efla störf okkar. Þetta á við frekari störf hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki síst á svæðinu utan höfuðborgarsvæðisins. Það eru gríðarleg tækifæri fyrir okkur til þess að efla íþróttina í heild sinni.

F.h. Fræðslu og útbreiðslunefndar

Gunnar Örn Erlingsson

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Í aganefnd sátu á starfsárinu eftirtaldir:

Gunnar K. Gunnarsson, formaður

Vala Valtýsdóttir, lögfræðingur

Einar Sveinsson

Til vara:

Þorsteinn Einarsson

Á starfsárinu fram til 24. apríl hélt aganefnd 25 bókaða fundi og tók fyrir 54 mál sem henni voru send. Öll mál voru afgreidd. Hér er um talsverða fjölgun mála frá fyrra ár sem var fyrsta árið sem unnið var eftir breyttri „Reglugerð HSÍ um agamál“ en þær breytingar komu í kjölfar breytinga á leikreglum frá IHF. Hvað veldur þessari fjölgun er erfitt að segja en því miður er aukningin fyrst og fremst í yngri flokkum og hegðun leikmanna þar oft og tíðum alls ekki til fyrirmyndar þó ekki sé dýpra í árina tekið. Er það hlutur sem aganefnd telur að aðildafélög HSÍ hvert og eitt þurfi að fara yfir hjá sér.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu en einnig um rautt spjald við 3ju ítrekun eða fleiri, sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Gunnar K. Gunnarsson

Formaður.

10. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Ásta Óskarsdóttir gjaldkeri sambandsins tók til máls. Hún gerði grein fyrir ársreikningum, staðfestum af formanni, varaformanni, gjaldkera og framkvæmdastjóra einnig eru þeir yfirfarnir af skoðunarmönnum. Reikningarnir voru yfirfarnir lið fyrir lið lesnir upp í þúsundumkróna. Tap sambandsins var 801.271.

Rekstrarreikningur 1. janúar 2011 - 31. desember 2011
--

	Skýr.	2011	2010
REKSTRARTEKJUR			
Framlög og strykir	1	52.931.310	49.998.449
Aðrir stryrktaraðilar	2	95.976.891	83.934.459
Tekjur af landsleikum	3	19.774.052	25.075.521
Íslandsmót	4	7.709.842	7.922.900
Aðrar tekjur	5	6.586.728	6.305.161
Rekstrartekjur alls		182.978.823	173.236.490
REKSTRARGJÖLD			
Laun og verktakagreiðslur	6	40.438.494	46.685.428
Þátttaka í mótum	7	80.536.333	69.705.960
Kostnaður v. mótahalds	8	38.018.924	29.849.177
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.097.557	3.749.900
Rekstur skrifstofu	10	6.666.611	6.103.305
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	3.986.077	2.875.066
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	2.218.113	2.327.651
Annar kostnaður	13	3.169.016	2.492.483

Afskr. tapaðar kröfur og niðurf. Krafna	2.300.000	5.264.170
Rekstrargjöld samtals	180.431.125	169.053.140

Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	2.547.698	4.183.350
---------------------------------	-----------	-----------

FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur	15	96.430	664.074
Vaxtagjöld	15	-545.803	-921.363
Dráttarvextir	15	-2.899.596	-1.869.980
		-3.348.969	-2.127.269

Hagnaður (tap) tímabilsins	-801.271	2.056.081
-----------------------------------	-----------------	------------------

Efnahagsreikningur 31.12.2011

	Skýr.	2011	2010
EIGNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	476.845	476.845
Skammtímakröfur	15	45.283.239	34.321.127
Handbært fé	16	5.100.395	3.455.221
EIGNIR SAMTALS		50.860.479	38.253.193

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

EIGIÐ FÉ

Óráðstafað eigið fé	21.882.923	19.826.842
---------------------	------------	------------

Tekjuafgangur ársins	-801.271	2.056.081
Eigið fé alls	21.081.652	21.882.923
Langtímaskuldir		
Skammtímaskuldir		
Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.259.131	2.881.715
Ógreidd Icelandair - Kreditkort	8.703.858	4.974.107
Viðskiptaskuldir	15.779.006	7.120.077
Yfirdráttur í banka	3.036.832	1.394.371
Skammtímaskuldir alls	29.778.827	16.370.270
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS	50.860.479	38.253.193

11. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Þingforseti óskaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.

Jón Magnússon ég vil endurtaka hamingjuóskir til stjórnar og starfsmanna fyrir alveg frábært starf. Mín eina spurning er til gjalkera um skammtímakröfur upp á 45 milljónir í hverju liggja þær.

Ásta svarar því til að hækkun á skammtímakröfunum er vegna tekna sem koma í lok desember og eru ekki greiddar fyrr en í byrjun árs 2012 sem voru styrkir vegna þátttöku kvennalandslið, Arion banki 3.5 milljónir, ríkisstyrkur upp á 3 milljónir.

Ágætu gestir ég vil þakka gjaldkera og stjórn fyrir þessa reikninga. Ég heiti Jón Rafn og er formaður hjá HK ég myndi vilja sjá eitt í reikningunum það er hvað er handknattleikssambandið að fá í styrki frá opinberum aðilum, það er talað um skýringar en þær eru ekki. Ásta segir að skýringar komi fram í fjárhagsnefnd. Jón Rafn heldur áfram og finnst honum afar óheppilegt að stjórn skulu þurfa að leggja fram sem að klárar allt eigið fá sambandsins og hvetur til að það fari ekki svo, þar sem ég er nú endurskoðandi og háskólakennari í endurskoðun þá vil ég taka fram að reikningarnir eru ekki endurskoðaðir þeir eru áritaðir af skoðunarmönnum en það telst alveg nægjanlegt í svona samtökum.

Knútur er til svar og þakkar Jóni fyrir en svona bara svo því sé haldið til haga, þá koma skýringar fram í fjárhagsnefnd þar sem fram kemur skipting á tekjum. En svona almennt erum við með um 70-75% af tekjum okkar sem sjálfsaflafé og hitt er styrkir og framlög frá ríkinu auðvitað er það okkar keppikefli að vera með 100% sjálfsaflafé og þurfa ekki á styrkjum frá því opinbera að halda en því miður er það svo. Það er alveg rétt eins og ég kom fram með í ræðu minni að það er óásættanlegt að vera með neikvætt rekstraráætlun en við erum hinsvegar nýbúin að tryggja okkur inn á ólympíuleikana og við erum að vinna að þessu en það er alveg ljóst að svona er staðan núna en ný stjórn ætlar sér ekki á neinn hátt að skila þessu svona. En svona er staðan og

við getur ekki sýnt neitt annað. Síðan er samkvæt lögum að bókhaldið er áritað af félagskjörnum skoðunarmönnum.

Þingforseti bar reikninga sambandsins upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

12. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta starfsárs

Gjaldkeri sambandsins Ásta Óskarsdóttir fylgir fjárhagsáætlun sambandslins úr hlaði og tekur einungis tekjur og gjöld þar sem rekstraráætlun verður vísað til nefndar til yfirferðar og umsagnar.

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2012

	Skýr.	2012 Áætlun	2011 Rauntölur	2011 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og strykir	1	63.500.000	52.931.310	39.781.303
Aðrir stryrktaraðilar	2	94.410.000	95.976.891	81.500.000
Tekjur af landsleikum	3	15.600.000	19.774.052	18.500.000
Íslandsmót	4	6.729.000	7.709.842	6.200.000
Tekjur af mótum	5	6.000.000	6.586.728	7.033.000
Rekstrartekjur alls		186.239.000	182.978.823	153.014.303
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	6	49.627.220	40.438.494	43.912.500
Þátttaka í mótum	7	113.402.913	80.536.333	61.963.400
Kostnaður v. Mótahalds	8	32.500.000	38.018.924	30.850.000
Rekstur mannvirkja og gólf	9	3.200.000	3.097.557	3.450.000
Rekstur skrifstofu	10	5.650.000	6.666.611	5.000.000
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	11	2.500.000	3.986.077	1.650.000
Kostnaður v. Samkeppnisreksturs	12	1.700.000	2.218.113	1.400.000
Annar kostnaður	13	1.750.000	3.169.016	2.080.000
Afskr. tapaðar kröfur og niðurf. Krafna		0	2.300.000	
Rekstrargjöld samtals		210.330.133	180.431.125	150.305.900
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		-24.091.133	2.547.698	2.708.403
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	15	100.000	96.430	600.000

Vaxtagjöld	15	-350.000	-545.803	-800.000
Dráttarvextir	15	-1.500.000	-2.899.596	-1.500.000
		-1.750.000	-3.348.969	-1.700.000

Hagnaður (tap) tímabilsins		-25.841.133	-801.271	1.008.403
-----------------------------------	--	-------------	----------	-----------

Þingfóseti þakkar Ástu fyrir og bendi á að skýringar vegna rekstrareiknings koma fram með skjölum fjárhasáætlunar. Fjárhasátlun er vísað til fjárlaganefndar til úrvinnslu. Það er samþykkt samhjóða.

13. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu



54. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 28. apríl 2012 Þingskjal nr: 4

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Mótanefnd HSI

Var

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild á næsta tímabili en önnur lið leika í 1.deild.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, **efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.**

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, **liðið í 10. Sæti úrvalsdeildar.**

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. **Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í henni á næsta tímabili, eftir því hvað á við en önnur lið leika í 1.deild.**

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild á næsta tímabili en önnur lið leika í 1.deild.

Greinargerð:

Verið er að laga orðalag í lögum.

SKJAL 4
Blað 39

Skjal samþykkt óbreytt:
Skjali vísað til nefndar:

Skjal fellt:
Skjal samþykkt með breytingum:

Þingforseti leggur til að Þingskjali 4 verði vísað til Alsherja- og laganeðndar til umfjölluna og úrvinnslu. Þar sem einungis er um orðalagsbreytingu að ræða er því vísað beint til nefndar án umræðu. Samþykkt samhljóða



**54. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
28. apríl 2012
Þingskjal nr: 5**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-13 lið, ein deild, 2 umferðir
- c) 14-24 lið, tvær deildir sem raðast í á eftirfarandi hátt.
 - a. 14 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 6 í 1. deild 4 umferðir.
 - b. 15 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 7 í 1. deild 3 umferðir.
 - c. 16 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 8 í 1. deild 3 umferðir.
 - d. 17 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 9 í 1. deild 3 umferðir.
 - e. 18 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - f. 19 lið 8 lið í úrvalsdeild 3 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - g. 20 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir
 - h. 21 lið 10 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - i. 22 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 10 í 1. deild 2 umferðir.
 - j. 23 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 11 í 1. deild 2 umferðir.
 - k. 24 lið 12 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 12 í 1. deild 2 umferðir.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Neðsta lið í úrvalsdeild fellur beint í fyrstu deild.

Það lið sem vinnur fyrstu deildina er deildarmeistari 1. deildar og færast upp í úrvalsdeild.

Ef lið eru 8 í úrvalsdeild þá leikur það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild við lið númer tvö, þrjú og fjögur í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári.

Séu 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og 2 efstu liðin í 1. deild taka sæti þeirra. Liðið í 8. sæti úrvalsdeildar skal leika við lið númer 3, 4 og 5 í 1. deild um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 8 lið eða færri.

Leikin skal úrslitakeppni 4 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 4

Lið 2 mætir liði 3

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 9 lið og 10 lið

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Lið 1 og 2 sitja hjá

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum

Lið 1 mætir sigurvegara viðureignar 4/5

Lið 2 mætir sigurvegara viðureignar 3/6

Þau lið sem vinnur 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitill.

Það lið sem vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar miðað við 11 lið eða fleiri.

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 8 lið í efri deild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 4 í 1. deild.

Lið 2 í 1. deild mætir liði 3 í 1. deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Úrslitakeppni um laust sæti í úrvalsdeild miðað við 10 lið eða fleiri í efri deild.

Liðið í þriðja neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 5 í 1. Deild.

Lið 3 í 1. deild mætir liði 4 í 1. Deild.

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika til úrslita um laust sæti í úrvalsdeild.

Það lið sem fyrst vinnur 2 leiki fær sæti í úrvalsdeild á næsta keppnistímabili.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

-Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild á næsta tímabili en önnur lið leika í 1.deild.

Stjórn HSÍ skal setja nánari reglur um fækkunina ef sú staða kemur upp.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla og kvenna

a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.

b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir

c) 15 lið eða fleiri, 14 lið í úrvalsdeild 2 umferðir og 1 deild er skipulögð af mótanefnd HSÍ sem skal hafa eftirfarandi að leiðarljósi.

- öll lið skulu vera lögleg samkvæmt reglum HSÍ
- umgjörð leikja skal vera samkvæmt reglum HSÍ
- dómarar skulu hafa lögbundin réttindi
- leitast skal við að hafa mótið eins fjáhagsleg hagkvæmt og unnt er gagnvart félögunum
- mótagjöld þessara deilda skulu öll renna beint til kynningar á styrkja til þessara deildar.

Þar sem eru 3 umferðir raðar mótanefnd í 1. og 2. umferð skv. töfluröð og skal stjórn

HSÍ ákveða röðun heimaleikja í 3. umferð með tilliti til stöðu liða í deild eftir 2 umferðir.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar.

Það lið sem vinnur 1 deildina er deildarmeistari 1. Deildar.

Séu tvær deildir skulu 2 neðstu liðin í úrvalsdeild spila umspil við 2 efstu liðin í 1. Deild um eitt laust sæti í úrvalsdeild.

Liðið í næst neðsta sæti úrvalsdeildar mætir liði 2 í 1. deild.

Efsta lið í 1. deild mætir neðsta liði úrvalsdeildar.

Í fyrri umferð þarf að vinna 2 leiki til að komast áfram í næstu umferð.

Í seinni umferð þá fær það lið sem fyrr vinnur 3 leiki sæti í úrvalsdeild.

Liðið sem er ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Ef leikið er í einni deild þá skal sú deild vera óbreytt á næsta tímabili ef ný lið koma fram fyrir næsta tímabil.

Ef leikið er í einni deild með færri en 14 liðum en fleiri lið en 14 sækja um þátttökurétt fyrir næsta tímabil þá skal leika úrvalsdeild með óbreyttu fyrirkomulagi á næsta tímabili en ný lið spila í 1 deild og öðlast efstu liðin rétt á lausum sætum á tímabilinu þar á eftir, t.d. ef það eru 13 liða deild og 6 ný lið koma fram þá spila þau í 1 deild og efsta liðið fær rétt á sæti í úrvalsdeild að ári.

Úrslitakeppni úrvalsdeildar .

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn.

Það lið sem fyrst vinnur 3 leiki verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

Stjórn HSÍ getur boðað til formanna fundar vegan mótamála (eingöngu formenn eða umboðsmenn þeirra eiga rétt að sitja fundinn) fyrir 01/06 ár hvert. Ef aðstæður eru þannig að stórn HSÍ og formenn telja að það sé handboltanum fyrir bestu að breyta mótafyrirkomulagi næsta tímabils á einhvern hátt þá geta þarf tillage um bræytingar að hljóta samþykki 2/3 hluti formanna skráðra löglegra lið til að öðlast gildi. Þessi breyting gildir eingöngu fyrir næsta tímabil.

Öll handknattleiksmót og handknattleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ.

Greinargerð:

Miklar umræður hafa verið um núverandi mótareglur á þessu tímabili og hvort að þær séu að stuðla að fjölgun liða og handknattleiksiðkenda. Deildar meiningar hafa verið á milli félaga en eftir að hafa leitað umsagnar allra liða í úrvalsdeild karla þá er þessi tillage lögð fram af undirritaður fyrir hönd Handknattleiksdeildar Víkings ég tel það nokkuð ljóst að félögum umfram þau 14 sem hafa verið að stunda handbolta í vetur er ekki að fjölga miðað við núverandi reglur, amk hafa ekki ný lið komið fram að svo stöddu þrátt fyrir þó mikla skoðuna á stöðunni. Það er okkar skoðun að þau lið sem hafa verið að berjast í og fara á milli deilda á síðustu árum er smá saman að “blæða” út enda er lítill sem enginn umfjöllun um þessa neðri deildina og hún því erfitt að fá áhorfendur, stuðningsaðila og leikmenn til að taka þátt í starfi en án þessar aðila er ekki hægt að stunda handbolta í meistarflokki til lengri tíma.

Til að styrkja þessi 14 lið sem eru nú að stunda handbolta í meistarflokki, karla aðallega, þá teljum við að það sé nauðsynlegt að gefa þeim tækifæri að vera í efsta deild á næstu árum til að styrkja sitt heildar starf, innan sem utan vallar. Aftur á móti þá þarf að tryggja að nýliðun geti átt sér stað en við teljum að núverandi 1 deild sé samt sem áður bæði og erfið fyrir ný lið sem og að hið stranga mótafyrirkomulag sé erfitt og jafnvel of kostnaðarsamt. Því er sett fram sú tillage að bjóða þeim liðum sem eru að hugsa sér að koma fram að spila í nýrri 1 deild sem væri undir stjórn mótanefndar HSÍ sem myndi skipuleggja hana með það að leiðarljósti sem talið er fram í lögunum. Það mætti til dæmis hugsa sér að 6 ný lið myndu koma fram, lið utan af landi, aukalið frá stórum liðunum, utnandeildarlið sem vill fara upp á næsta stig og jafnvel sameiginlegt lið tveggja liða þá gæti mótið sem og röðun leikja vera þannig að það væri sem hagstæðast fyrir liðinn.

Einnig teljum við að núverandi mótafyrirkomulag sé einnig of ruglingslegt fyrir hinn venjulega handboltaáhugamann þar sem að það virðist vera lítill skilningur á 3 eða 4 umferða móti og síðan 4 eða 6 liða úrslitakeppni sem og umspili um 1 deild. Við teljum að mótafyrirkomulag með tveim umferðum og átta liða úrslitakeppni sé það sem hinn venjulegi handboltaáhugamaður sé að skilja. Einnig bíður þetta fyrir komulag upp á fjölgun leikja í deildmóti sem og leikja í úrslitakeppni og þannig lengja tímabil allra liða. Það er til dæmis mjög skrítið að okkar mati að 6 lið séu kominn í sumarfrí í lok mars og bíði nú í allt að 6 mánuði eftir næst alvöru leik.

Það myndi þurfa að byrja mót um miðjan sept og sennilega væru síðustu leikir um miðjan maí.

Þessu til stuðning þá hefur til dæmis núverandi landsliðsþjálfari verið að kalla eftir fleiri leikjum og lengra tímabili.

Við teljum einnig að átta liða úrslitakeppni sé mun vænlegri til að vekja áthygli fleiri aðila sem og vara í lengri tíma en núverandi fyrirkomulags sem sé öllum til góða.

Það er einnig ný grein sett inn í lögin sem kveður á um að stjórn HSÍ geti boðað til formannafundar vegna mótamála fyrir 01/06 til að ræða og hugsanlega breyta þeirri stöðu sem kominn er upp þegar það er ljóst hvað það eru mörg félög skráð til leiks karla og kvennameginn. Við höfum verið að lenta í því síðustu árin, sérstakleg kvennameginn, að það hafa komið upp aðstæður að vori að loknu þingi þar

sem flestir hafa verið á því að það væri nauðsynlegt að breyta lítileg til, fjölga eða fækka umferðum til dæmis, en þar sem mótareglur eru samkvæmt lögum þá hefur ekki verið hægt að gera eitt eða neitt. Það eru aðstæður sem við getum brugðist við samkvæmt þessum lögum. Þetta geta verið ýmsar aðstæður eins og til dæmis að eingöngu 15 lið skrá sig til þátttöku væri mögulegt að bæta því við úraldeildina? Ef 2/3 formanna væru á því þá myndi það vera gert en þetta myndi bara gilda fyrir komandi tímabil.

Í stuttu máli þá er markmiðið með tillögunum er bæði að styrkja þau félög sem nú þegar eru að stunda handbolta í meistarflokki sem og gera nýjum félögum auðveldara með að koma fram með meistarflokka. Þannig yrði handboltastarfið eft og liðum fjölgar á næstu árum. Neðangreindir punktar eru grunnurinn að þessari tillögu:

- Úrvalsdeildin er stækkuð: Þau 14 lið sem nú eru í 1 deild og úrvalsdeild karla spili í einni deild á næsta ári.
- Ný lið muni spila í 1. deild sem verði skipulögð af mótanefnd HSÍ.
- Reglurnar eiga við bæði karla og kvennadeildir.
- Átta liða úrslitakeppni í úrvalsdeild fari ávallt fram.
- Umspil er um eitt sæti í úrvalsdeild á milli tveggja neðstu liða úrvalsdeildar og tveggja efstu liða 1. deildar.
- Opnað er á breytingar fyrir 01/06 ár hvert til að fá fram sveigjanleika ef sérstækar aðstæður myndast hvort sem er karla- eða kvennamegin, t.d. ef eingöngu 1 lið yrði í 1. deild.

Fyrir hönd handknattleiksdeildar Víkings og vonandi fleiri handboltaáhugamanna.

Davíð Hjaltested

SKJAL 5	Skjal samþykkt óbreytt:	Skjal fellt:
Blað 46	Skjali vísað til nefndar:	Skjal samþykkt með breytingum:

Davíð Hjaltested var að koma frá Akureyri og hitti forsvarsmenn handbotans þar sem sáu sér ekki fært að mæta hér en hann sagði að það þyrfti að hafa eitthvað húllum hæ eftir þign þannig að þeir myndi mæta næsta ár og kemur hann því hér með til stjórnar sambansins. Ég sat í þessari nefnd sem Knútur minntis á þessi nefnd hittist að mig minnir þrisvar held að fundarmenn hafi aldrei allir mætt á þessa fundi ég komst til dæmis ekki á einn. Eftir að formannafundur fóru fram komu nokkur mörg lið til mín og báðu mig um að skoða þessa tillögu sem ég hef verið með því tel ég mig vera í umboði nokkurra liða en svona til öryggis langar mig að biðja fulltrúa þeirra liða sem telja að ég sé í umboði fyrir að rétta upp hend ef ekki þá er ég í þessu einn. Eru ekki einhverjir sem báðu mig um að standa hér uppi? Svo er ekki. Ég ætla ekki að fara að lesa upp breytinguna en talar fyrir þingskjali 5 sem er fram komið með stuðningi frá nokkrum félögum og biður hann eftirfarandi félög um að rétta upp hend. Enginn þingfulltrúa taka undir orð Davíðs.

Tillagan í hnotskurn:

- 14 liða úrvarlsdeild
 - Þau lið sem vour í ár í N1 deildinni og 1. Deild spila 2012/2013 í N1 deild.
- 2 umferðir – 26 leikir
- 8 liða úrslitakeppni – max 13 leikir
- Ný 1. Deild fyrir ný lið
 - Undirstjórn mótanefndar HSÍ
 - Mótafyrirkomulag ræðst af fjölda liða og aðstæðna sem skapast
- Hægt að bregðast við breyttum aðstæðum fyrir 01/06 ár hvert, t.d. KVK staða síðustu ár.

Rök með breytingum:

- Mótafyrirkomulag skiljanlegra og eins á milli ára í efstu deild
- Fleiri leikir og lengra tímabil.
- 8 liða úrslitakeppni sem gefur okkur meiri sýnileika í lengri tíma
- 7 leikir í umferð gefur möguleika á því að vera með fleiri leikdaga.
- Þau lið sem eru í handboltanum í dag styrkjast í heild til lengri tíma litið
 - Auðveldara að fá leikmenn í úrvalsdeild og halda sínum.
- Ný lið eiga auðveldara með að koma fram og keppa á jafnréttisgrundvelli í 1. deild.
- Liðin sem eru að fara milli deilda eru smá saman að blæða út.
 - Síðustu 3 ár undan síðast tímabili þá misstu víkingar 7-10 leikmann á ári.
 - Selfoss missti 14 leikmenn fyrir þetta tímabil.
- Það getur verið erfitt að spila í mjög jafnri deild fárra liða.
 - Erfitt að tefla fram ungum leikmönnum
 - Mikið álag í langan tíma
- Kostnaður í 1. Deild hár en tekjurnar lágur
- Eru ný lið að koma fram?
 - Þróttur búinn að skrá sig til leiks.

Rök á móti:

- Enn einu sinni að breyta mótreglum.
 - Núverandi reglur bjóða upp á breytingar á hverju ári.
- Þetta hefur verið prófað áður og gekk ekki.
- Of mikið að hafa eina 14 liða deild
 - Núverandi reglur hljóða upp á eina 13 liða deild
- Verður að hafa fall og tvær deildir?
 - Núverandi fyrirkomulag bíður upp á eina deild.
- Of margir ójafnir leikir
 - Er það víst?
 - Er ekki svipuð staða í þýsku, dönsku og sænsku deildinni í dag?
- Áhorfendatölur hafa aukist
- Færri stórleikir FH-Haukar og Akureyri
- Davíð enn einu sinni reyna koma Víking upp!

- Þetta er ekki bara fyrir Víking heldur heildina.

Hvað með Þrótt ánæsta ári?

- Spila í nýrri 1. Deild með nýjum liðum
 - Eitt að norðan?
 - Eitt frá Hafnarfirði?
 - Árborg?
 - Tvö utandeildarlið taka næsta skref?
 - Stóru liðin gæti skráð sig til leiks annað lið?
 - Fylkir?
 - Reykjanes með stuðningi Víkings?
 - Ísfirðingar eru þeir tilbúnir?
- Ef ekkert kemur fram, hvað þá?

Hvernig fer N1 deild karla fram 2012/2013

- Byrjar um miðjan sept. og endar í byrjun maí
 - 4-6 lið fara í frí í byrjun apríl
 - 5 lið fóru ní í frí um miðjan mars og spila næst í okt.
 - Valur, Fram, Grótt, ÍBV og Fjölnir
- Úrslitakeppni byrjar í byrjun apríl
- Umspil byrjar um miðjan apríl
- Hver umferð er 7 leikir, tillaga að skiplagi:
 - 2 á fimmtudegi annar sýnur í sjónvarpi/net
 - 2 á föstudegi annar sýnur í sjónvarpi/net
 - 2 á laugardegi annar sýnur í sjónvarpi
 - 1 aðalleikur á sunnudegi beint í sjónvarpi
 - Alvöru handboltaþáttur á mánudögum
 - Væri hægt að gera tvennu leiki með N1 deild KVK?

Hvað með úrvalsdeild kvenna

- Sömu reglur gilda
- Mögulegt að breyta til ef 2/3 hluti formanna samþykkir það á fundi sem stjórn HSÍ boðar til.

Að lokum

- EF ekki samþykkt hvað þá með næsta ár
 - 8 lið N1 deild
 - FH, HK, Haukar, Akureyri, Fram, Valur, ÍR, UMFA/Stjarnan
 - 6-7 liða 1. Deild?
 - UMFA/Stjarnan, Þróttur, ÍBV, Fjölnir, Selfoss, Grótt og hugsanlega Víkingur?
 - 3 eða 4 umferðir

- 4 liða úrslitakeppni og 4 liða umspil
- Byrjar í lok sept. 6-8 lið komin í sumarfri ummiðjan mars.
- Eða bara 13 liða deild?
- Tillagan fer til nefndar til umræðu, það er hægt að koma með breytingar á hlutm hennar.
- Takið þátt með opnum hug og vera málefnaleg. Við Víkingar erum tilbúnir að fella þessa tillögu burtu ef það sé meirihluti fyrir því. En við þurfum umræðurnar.

Þingforseti þakkar Davíð fyrir að fylgja þingskjali 5 úr hlaði.

Jón Hjaltalín hefur beðið aftur umorðið. Fyrir fimm árum á 50 ársþingi HSÍ kom ég í pontu og hvatti menn til að við myndum reyna sem fyrst að fjölga liðum í efstu deild, ástæðan er mjög einföld eins og kom fram hér áðan það kostar peninga, mikla peninga að reka handboltadeild og hvað þá að vera með lið í efstu deild. Að vera í efstu deild gerir það að verkum að það er miklu auðveldara að fá fjármagn frá bæði fyrirtækjum, sveitarfélögum og svo koma áhorfendur. Stefna okkar næstu 3 – 4 árin ætti að vera eins og HSÍ er með nú að fjölga liðum vonandi upp í um 20 í dag eru bara 14 vonandi 15 með Þrótti, eftir 5 ár gætu verið 12-14 lið í efstu deild og 8-10 í annarri deild það væri mikil framför. Eins og ég nefdi hér áðan til samanburðar þá tókst HSÍ á sínum tíma á heimsvísu að breyta gjörsamlega fyrirkomulagi IHF varðandi alþjóða handboltamót. Það voru þrjár keppnir A, B og C keppnir með 16 liðum. Við vorum að taka þátt í B keppni og það var ekkert þægilegt að fjármagna það en okkur tókst að fá þessu breytt á þigni alþjóðasambandsins og ég skal segja ykkur það að það var ekkert hlaupið að því það var ekkert auðvelt. Allar stóru þjóðirnar svíar, þjóðverjar, rússar, rúmenar, tékkar voru á móti þessu svo og öll stjórn EHF sem við kölluðum IHF maífuna á þeim tíma hver svena því þeir vildu bara halda í þetta gamla skipurlag þar sem þessar stórþjóðir voru alltaf í efstu sætum á Ólympíkuleikum heimsmeistaramótum og þurfti ekki að hafa miklar áhyggjur af því að taka þátt í einhverjum B og C keppnum, en þetta var samþykkt fyrsta slíka keppnin með 24 liðum fór fram hér á Íslandi 1995 og hefur haldist síðan árangurinn sjáum við á heimsvísu og vill bara áréttu það sem hann kom inn á hér fyrr undir liðum ávörð gesta og ítrekaði óskir sínar að þingmenn tækju þingtillögunni með opnum hug.

Þingforseti vísar þingskjali 5 til Alsherja- og laganendar.



**54. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
28. apríl 2012
Þingskjal nr: 6**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

52.gr. Þátttökuleyfi

Félög sem eiga rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi árlega.

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

Verður

52.gr. Þátttökuleyfi

Félög sem eiga rétt á þátttöku í úrvalsdeild og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þátttökuleyfi **fyrir 01/05. Stjórn HSÍ getu þó gefið fleiri félögum þátttökurétt inn í 1. Deild fyrir 01/07 ár hvert.**

Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál.

Greinargerð:

Að það sé ljóst fyrir 01/05 eða áður en keppnistímabilið sé lokið hvaða lið séu í reynd skráð til þátttöku á næsta tímabili. Þó getur stjórn HSÍ veitt liðum þátttökurétt í 1 deild fyrir 01/07.

Markmiðið er að það sé öllum liðum ljóst í tíma hvernig næsta tímabil verður þannig að liðin hafi góðan tíma til að skipuleggja næsta keppnistímabil.

SKJAL 6
Blað 51

Skjal samþykkt óbreytt:
Skjali vísað til nefndar:

Skjal fellt:
Skjal samþykkt með breytingum:

Davíð Hjaltested hefur beðið um orðið.

Talar um 52.gr. þáttökuleyfi. Félög sem eiga rétt á þáttöku í úrvalsdeild og 1. Deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og kvenna skulu sækja um þáttökurleyfi fyrir 01/05. Stjórn HSÍ getur þó gefið fleiri félögum þáttökurétt inn í 1. Deild fyrir 01/07 ár hvert. Til þess að fá þáttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur HSÍ Varðandi sipulag, aðstöðu og fjármál. Hér vil ég sjá dagsetningu á skráningu vegna þáttöku í lög fyrir 01/05 til að það sé ljóst mun fyrir hvernig að mótafyrirkomulagi sé háttað á næstu leiktíð. Stjórn HSÍ getur leyft lið í 1. Deild til 01/07?. Þessu verður að beyta til að fá fram vissu sem fyrst um hvernig næsta ár verður.

Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri svaraði Davíð um það að stjórn hafi notað þessar heimildir til að fjölga liðum í handboltanum og telur nauðsynlegt að hafa svigrúm vegna þess.

Þingforseti leggur til að þingskjal 6 verði vísað til Alsherja- og laganefndar til umsagnar.



**54. Ársþing HSÍ haldið í Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
28. apríl 2012
Þingskjal nr: 7**

Tillaga um Lög HSÍ
Flutningsaðili: Víkingur

Var

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

Verður

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

Leyft er að lána leikmenn á milli liða frá 01. Júní til 01. Desember ár hvert og einnig frá 07. Janúar og 01. Apríl ár hvert þó aldrei skemmur en einn mánuð í senn.

Greinargerð:

Að félagskiptareglur séu óbreyttar en að lánsmöguleikar leikmanna á milli liða sé rýmkaður og auðveldaður. Með þessu geta lið lánað sína leikmenn til skemmri tíma en núverandi reglur hljóða upp á sem ætti að auðvelda „minni“ liðum að styrkja sinn hóp tímabundið eða til lengri tíma.

Einnig auðveldar þetta leikmönnum sem að tímabundið eru ekki að fá að leika í með sínum liðum að fara að láni og öðlast leikreynslu.

SKJAL 7	Skjal samþykkt óbreytt:	Skjal fellt:
Blað 52	Skjali vísað til nefndar:	Skjal samþykkt með breytingum:

Davíð Hjaltested fylgdi tillögunni eftir:

53.gr. Félagaskipti

- Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. Nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.
- Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert
- Leyft er að lána leikmenn á milli liða frá 01. Júní til 01. Desember ár hvert og einnig frá 07. Janúar og 01. Apríl ár hvert þó aldrei skemmur en einn mánuð í senn.

En tillagan gengur út á eftirfarandi:

- Lán leikmanna rýmkuð
 - Lána leikmenn til styttri tíma

- Minnst 30 daga
- til 01. des og síðan frá jan. til 01. Apríl
- Lið sem vantar leikmenn í lengri tíma eða tímabundið eiga auðveldara með að styrkja sig
- Leikmenn sem eru lítið að spila geta komið sér í leikform

Þingforseti þakkar Davíð fyrir.

Þingforseti vísaði þingskjali 7 til Alsherja- og laganefndar til umsagnar.

14. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til sjónar

Þinghlé og þingnefndir taka til starfa. Þinghald byrjar aftur um tvöleitið.

Þingforseti afsakar að tímaplan hafi ekki verið haldið en nauðsynlegt reyndist að gefa þingnefndum lengri tíma til að koma með niðurstöður.

Kjörbréfanefnd:

Þorbjörg Gunnarsdóttir gerði grein fyrir að þingfulltrúum hafi fjölgað og eru lesin upp nöfn þingfulltrúa til að fullvissa þingið um setu fulltrúa þess, 49 atkvæði eru í salnum eftir þinghlé.

15. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Fjárhagsnefnd:

Ásta Óskarsdóttir gjaldkera að koma hér og gera grein fyrir fjárhagsáætlun og störfum fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd leggur til að fjárhagsáætlun verðu samþykkt eins og hún kemur fram ein beinir því jafnframt til stjórnar sambandsins að leita allra leiða til að ná niður rekstrarhalla sambandsins sem mun þurka út eigið fé þess og gera rekstrarumverfi þess ógerlegt. En Gunnlaugur Júlíusson ætlar að koma upp og lesa ályktun fjárhagsnefndar.

Þingforseti og aðrir þingfulltrúar, ég fór á fund fjárhagsnefndar þar sem fór fram góð umræða og ríkur vilji á að skilgreina stöðu sambandsins sem er náttúrulega svolítið sérstöð af því að menn standa frammi fyrir verkefni sem er ný til komið það að karlalandsliðið taki þátt í Ólympíuleikunum en fjármögnun er eftir og þess vegna er fjárhagsáætlun lög fram með þessari stöðu sem nú er. Til að ég skýri aðeins mitt sjónarhorn. Ég kem frá innheimtusambandi sveitarfélag og maður leggur mikið upp úr því að fjárhagsáætlun sé ekki skilað með halla. Það er grunnprinsíp. Eins þekki ég bæði stöðu íþróttafélaga og sambanda þar sem þetta hefur verið gert kanski með hóflegri alvöru að ballansera fjárhagsáætlun því hlutir eigi að reddast það er náttúrulega hlutur

sem ekki er ábyrgur. Við hinsvegar horfumst í augu við það að það bíður stjórn sambandsins ærið verkefni við að ná endum þarna á milli og það má segja það kanski að þetta sé kanski dæmigert fyrir stöðu íþróttamála hér á Íslandi á margan hátt að fjármögnun verkefna, aðkoma ríkisins opinberra aðila er bæði takmörkuð og kemur stundum eftir á það að segja það er hlaupið til í sigurvímu og komið með ávísun þegar að góður árangur hefur náðst. En það kostar jafn miki að undirbúa og taka þátt í keppni þó svo að menn nái ekki hámarksárangri. Það vilja allir dansa með þegar að menn koma heim með anna hvort verlaun eða afar góðan árangur. Ég beini því til stjórnar að þetta verði rætt í þessu samhengi það að það fari fram svona íþróttapólisísk umræða, menn þurfa að vekja athygli á þessari stöðu sem menn standa frammi fyrir. Nefndarmenn í fjárhagsnefnd voru sammála að leggja fram eftirfarandi ályktun fyrir þignigð.

Ályktun:

Eins og niðurstaða rekstrarreiknings í fjárhagsáætlun sem lögð er fyrir þign HSÍ er með tæplega 26 milljóna króna halla það eru 15% af heildartekjum HSÍ gangi áætlunin eftir mun tapið þurka upp allt eigið fé sambandsins og gott betur, ástæða þessa er meðal annars góður árangur A-landsliða sem munu keppa á ólympíuleikum karlar og væntanlega á evrópumeistaramóti konur. Sú staða að góður árangur afreksfólks geri fjárhagstöðu HSÍ afar erfiða lýsi vel því umhverfi sem Íslensk íþróttastarfsemi þar almennt að búa við. Ársþing HSÍ lýsir þungum áhyggjum yfir þessari stöðu. Því er beint til stjórnar sambandsins að allra leiða verði leitað til að afla tekna svo brúa meigi fyrrgreindan halla. Að öðrum kosti mun slíkur hallarekstur eins árs hafa áhrif á komanadi starfsemi HSÍ á komandi árum.

Þetta er í sjálfu sér það veganesti sem þignið legði stjórninni í hendur til að takast á við þetta verkefni. Það er ekki hægt að fella fjárhagsáætlun þegar hún er lögð fyrir með halla þar sem tími hafi ekki unnist til að afla tekna. En það er ekki heldur hægt að samþykkja hana án þess að það fylgi einhver svona umfjöllun um ástæðu fyrir hallanum.

Fjárhagsáætlun og ályktun sem lög er fram vegan fjárhagsáætlunar vegan ársins 2012 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Alsherja- Laga- og reglnanefnd:

Davíð B. Gíslason tekur við og gerir grein fyrir störfum alsherjanefndar:

Davíð þakkar fyrir gott nefndarstarf áðan þar sem góða og fjörugar umræðu voru.



**54. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni
Laugardal
28. apríl 2012
Þingskjal nr: 4.1**

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Mótanefnd HSI

Var

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar.

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar.

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild.

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild á næsta tímabili en önnur lið leika í 1.deild.

Verður

51.gr. Handknattleiksmót

...

Ef fjölga þarf úr 8 liðum í 10 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 7. sæti úrvalsdeildar, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, **efsta lið 1.deildar sem hefur ekki unnið sér sæti í úrvalsdeild.**

Ef fjölga þarf úr 10 liðum í 12 í úrvalsdeild skulu liðin fá laus sæti eftir þessari röð. Lið sem tapar úrslitum umspils, liðið í 8. sæti úrvalsdeildar, liðið í 9. sæti úrvalsdeildar, **liðið í 10. sæti úrvalsdeildar.**

Ef fækka þarf liðum í úrvalsdeild skal sú fækkun fara fram ári síðar svo framarlega sem liðafjöldi í 1. deild er 6 lið eða fleiri. Ef liðafjöldi í fyrstu deild er færri en 6 lið skal fækka strax í úrvalsdeild. **Skulu þá 8, 10 eða 12 efstu lið úrvalsdeildar leika í þeirri deild á næsta tímabili, eftir því sem á við en önnur lið leika í 1.deild.**

Ef leikið er í einni deild og fækka þarf í úrvalsdeild þar sem fjöldi liða er orðinn það mikill að leika skal í tveimur deildum skv. grein þessari skulu 8 efstu lið deildarinnar leika í úrvalsdeild en önnur lið leika í 1.deild. **Skal leikið í einni deild næsta keppnistímabil eftir að slík staða kemur upp og skipt upp eftir það.**

Greinargerð:

Verið er að laga orðalag í lögum.

Hlaut ekki mila umræðu og var niðurstaðan að leggja það til samþykktar eins og breytingatillaga er.

SKJAL 4.1	Skjal samþykkt óbreytt:	Skjal fellt:
Blað 56	Skjali vísað til nefndar:	Skjal samþykkt með breytingum:

Þingskjal 4.1 var borið upp til samþykktar og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr. 5

Tryggvi tekur til máls. Þetta er svolítið skrítn staða sem við erum komin í núna. Við erum að fjalla hér um þingskjal númer 5 og það er tillaga frá Víkingi um breytingar á fyrirkomulagi 51. grein um mótafyrirkomulagið. Þið voruð að enda við að samþykkja breytingar á 51 greininni á

Því fyrirkomulagi sem að tillaga frá Víking er að kollvarpa. Ég spyr ykkur voruð þið um leið og þið samþykktuð þingsályktunartillögu nr. 4 að hafna nr. 5? Hvernig ætla þingforseti að taka á þessu? Þingforseti segir að þetta hafi verið ákveðin mistöð að samþykkja þingskjal 4 á undan 5 en lætur það liggja milli hluta um stund meðan umjöllun um þingskjal fimm fer fram. Tryggvi heldur áfram. En meiri hluti nefndarinnar leggur til að þingskjali nr. 5 verði vísað frá þingi. Ástæður þess eru eftirfarandi.

1. Þá útilokar í raun þingskjal 5 eins og hún liggur fyrir nýliðun í efstu deildum
2. Þetta stóreykur kostnað þeirra liða sem núna eru í fyrstu deildinni að komameistaraflokk upp í úrvarlsdeildina eða N1 deildina án þess að menn hafi haft nokkurn kost á því að auka tekjur sínar og það er engin trygging fyrir því að það verði auknar tekjur, En því miður með því að fjölga svona mikið verður það enginn hvati fyrir lélegri lið að taka þátt í keppni og spurningin er hvað hugsanlega mörg lið sem núna eru slakari liðin hætta þátttöku í keppni
3. Síðan eru margir fleiri þættir sem gera það að verkum að þetta hafi neikvæð áhrif á okkur núna stax. Ef að það koma nú 15 lið sem skrá sig inn eða 16 lið sem skrá sig inn til keppni. Eftir hverju ætla menn að velja? Hverjir fá að vera í efstu deild? Þetta eru atriði sem þarf að taka tillit til áður en að það er ráðist í svona breytingu. Við í meirihluta nefndarinnar teljum að það sé ekki hægt að ráðast í þessar breytingar nema að undirbúa málið mun betur.

Árþing HSÍ 28. Apríl 2012.

Geruð það að tillögu okkar ða tilaga samkvæmt þingskjali 5 verði vísað frá þinginu.

Reykjavík 28. Apríl 2012

Tryggvi Árnason

Davíð B. Gíslason

Davíð Hjaltested hvetur fólk til að fella þessa frávísunartillögu þannig að það sé hægt að taka efnislega til umræðu um upprunalega tillögu og telur það handboltanum til heilla ef það væri gert.

Samþykkt að vísa þingskjali 5 frá þingi með 25 atkvæðum með frávísun og 22 atkvæði með því að frávísun verði ekki. Frávísun á þingskjali 5 er því samþykkt með meirihluta atkvæða.

Þingskjal nr. 6 var dregið til baka.

Þingskjal 7.

Davíð B. Gíslason kynnir breytingatillögu vegna þess tillögu sem kemur frá Víking sem snýr að tímabundnum félagaskiptum og hefur hlotið svolitla umræðu áðan og áður eftir að hún kom fram því þetta lítur að miklu mjög góðu máli það að auka svolítið flæðið og tækifæri fyrir leikmenn sem að hafa fengið fá tækifæri í stærri liðunum og gefa þeim tækifæri til að leika með liðum sem að hafa janfvel ekki úr eins miklum leikmannahóp að ræða eða eru í annrri deild en viðkomandi lið að auðvelda flæðið þarna á milli við teljum að eina af ástæðunum fyrir því að það hefur ekki verið eins mikið að flæða á milli liða með lánsamningum er að lið eru oft að tryggja sér ákveðna hópa tryggja sig fyrir meiðslum, tryggja sig fyrir vandræðum og eru því með stærri leikmannahópa en ella af því ef þú lána þá ertu bara búin að binda leikmanninn því það er bara opið í þessum félagaskiptaglugga. Það sem við erum að leggja hér til er breytingatillögu á tillögu Víkings út frá sömu hugsun það er það að félagið sem er að lána leikmann geti einhliða kallað hann til baka sem þýðir það að þú getir lánað leikmann í glugganum í október og janúar en að fyrsta mars getur félagið kallað hann til baka einhliða og ekki verið með skýringar en ástæðan er náttúrulega sú að veita samningsfélaginu að lána leikmann en að geta tekið hann inn í sinn hóp afturp það er mikið nýjabrum í þessu þetta auðveldar flæði leikmanna á milli þetta lengir ekki félagaskiptagluggana en auðveldar flæði á leikmönnum, yngri leikmönnum eða leikmönnum sem eru í svona stórum leikmannahópum að fara á milli félaga. Félagi er heimilt fyrir 1. Mars ár hvert og er þessi tímasetning valin til að ekki verði hægt ef lið er farið inn í úrslitakeppni eða umspil að þá verði hægt að kippa einhverjum út úr einhverju liði til að raska því heldur áður en þú ferð inn í lokakeppni viðkomandi móts sem lið er í þá er búið að loka fyrir þessa heimild. Svo framanlega sem lágmarkstíma séð náð einn mánuður lágmarkstími. Nýti félagið sér þessa heimild er það tilkynnt eins og um félagaskipti sé að ræða og fær keppnisleyfi með félagi sínu sjö dögum eftir að sannanlega hefur verið send inn félagskipti sem móttekin hafa verið af HSÍ. Sjö daga eru taldir hæfilegir bæði fyrir liðið sem er með hann í láni og getur liðið sem missir hann líka brugðist við því og er þessi breytingatillaga lög fram fyrir þignið.

Víkingar voru með tillögu sem gekk enn lengra en hún dregin til baka.



54. Ársþing HSI haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 28. apríl 2012 Pingskjal nr: 7.1

Tillaga um Lög HSI
Flutningsaðili: Víkingur

Var

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá 7. janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

Verður

53.gr. Félagaskipti

Leikmönnum sem leika með meistaraflokki skal heimilt að ganga í lið hér á landi á tímabilinu frá 1. júní til 1. nóvember ár hvert og einnig frá **3.** janúar til 1. febrúar ár hvert. Það sama skal gilda um leikmenn eldri en 17 ára sem ekki leika með meistaraflokki.

Leikmönnum 17 ára og yngri er heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert

Félagi er heimilt fyrir 1.mars ár hvert að stytta tímabundin félagaskipti leikmanna sinna einhliða, svo framarlega sem lágmarkstíma sé náð. Nýti samningsfélag sér þessa heimild skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Leikmaður fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju 7 dögum eftir að tilkynningin er sannarlega móttækin af HSI.

Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er 1 mánuður og hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera eitt keppnistímabil.

Greinargerð:

SKJAL 7.1
Blað 59

Skjal samþykkt óbreytt:
Skjali vísað til nefndar:

Skjal fellt:
Skjal samþykkt með breytingum:

Breytingatillaga 7.1 er því til umræðu nú.

Hallur frá Selfoss biður fundarmenn að setjast yfir þessa tillögu og gefa þessu brautargengi. Þarna er kanski kominn smá gluggi til að hægt sé að jafna gæðinn í handboltanum ekki að fletja þau út við verðum að hugsa um hvernig við ætlum að auka skemmtunargildið í handboltanum, auka gæðinn. Með þessu getum við gefið og fært á milli aðeins og bið menn um að íhuga vandlega að samþykkja þess tillögu.

Þingforseti minnir á að hér er um lagabreytingu að ræða og þarf því 2/3 hluta atkvæða til að þingtillaga 7.1 verði samþykkt.

Þingtillaga 7.1 er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

16. Ákveða þáttökugjöld í Íslands- og bikarmótum næsta keppnistímabil

Stjórn HSÍ leggur fram að mótagjöld verði óbreytt frá fyrra ári.

Þáttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélög HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjaldtagi skal vera 5.okt. ár hvert.

Hafi félag ekki greitt innan gjalddaga skulu allir leikir meistaraflokka þess ekki fara fram heldur teljast tapaðir.

Greiði félag vangoldna skuld skal því heimilt að halda áfram þátttöku. Mótanefnd HSÍ sér um að ákvæði þessu sé framfylgt.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þáttökuliðum. Ferða- og uppihaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

Heimalið í hverjum leik skal gera upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ.

Þáttökugjöld fyrir tímabilið 2012-2013

Efstu deildum karla	kr. 50.000,-
Efstu deildum kvenna	kr. 50.000,-
Utandeild karla	kr. 25.000
Utandeild kvenna	kr. 25.000,-

Mfl. B-lið	kr. 25.000,-	
2. fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
3.fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
4.fl	kr. 15.000,-	Greitt fyrir fyrstu 2 liðin. Önnur greiða ekkert
Bikar mfl.	kr. 7.000,-	Per lið per umferð
N1 deildargjald	kr. 250.000,-	
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 50.000,-	
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 5.000,-	
Leikskýrslugerð	kr. 1.000,-	per leik

Þátttökugjöld voru samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Davíð B. Gíslason varðandi breytingu á samningum í þessari reglugerð sem samþykkt var hér áðan. Dreift er upplýsingum um breytingarnar. Við teljum að við séum að ná því góða sem verið hefur hingað til og bæta við nokkrum atriðum sem okkur hefu þótt vanta það sem er kanski aðalatriðið það er kafli 2 þar kemur fram að það er uppskipting á samningum í þrent í stað þess að vera með A og B samninga að þá er um að ræða atvinnusamning sem kemur í stað þess sem kallað var A samningur þú ert með Áhugasamning sem er svipaður og B samningurinn var hugsaður með hinsvegar með miklu nákvæmari skilgreiningum og svo ertu með uppeldissamning okkur hefur þótt vanta tækifæri fyrir félög til að geta skotið inn leikmönnum í meistaraflokki eða efstu deild án þess að þurfa að gera við hann bindandi A eða B samning að geta gert svona uppeldissamning þannig að þú getir þá án þess að rokka réttindum félags til að rukka æfingargjöld þá getur þú umbundað leikmanninum með því að taka hann inn í einn og einn leik og látið hann spila þar og náð þannig stuðlað að betri þróun á því hjá honum sem leikmanni og félaginu í heild og það eru sett ákvæði um þetta sem er miklu einfaldara í sniðum en setur svona línurnar með það . Þetta er ekki til atkvæða hér eða ákvörðunar en reglugerðir eru til ákvörðunar hjá Stjórn. En stjórn vildi að þið væruð meðvitaðir um þessar breytingar þar sem laganefndin er búin að starfa að þessum breytingum vildi að þetta kæmi fyrir þingheim til upplýsingar.

Jón Hjaltalín kom fram með tvær tillögur

Þingforseti góðir félagar það kom hér fram hjá fjárhagsnefnd að það er þægilegt vandamál hjá okkur að lenda á Ólympíuleikum það mun því miður kosta okkur eins og staðan er í dag mínus tuttugu og fimm milljónir en að sjálfsögðu mun stjórn HSÍ bjarga því eins og undanfarin ár hvernig sem þeir fara að því. Við lásum nýlega viðtal við hann Þór okkar Hergeirsson þennan frábæra þjálfara við eigum svo marga þjálfara erlendis þeir voru að gera samning við hann til fjögurra ára en leið var undirritaður samningur við félagið Gensidiga um fjagra ára styrk bara við kvennalandsliðið upphæðin var eittþúsund milljónir eða einn miljarður til fjögurra ára. Það eru 250 milljónir á ári, held að hún Ásta væri nú hrifin að því. Þetta er fyrir utan peninga frá Ólympíunefnd Noregs. Þetta eru verulegar upphæð sem þeir telja sig þurfa til að vera í fremstu röð og spurningin er hvernig HSÍ hefur undanfarið getað gert þetta með þessari takmörkuðu upphæð þess vegna hef ég hugleitt það undanfarin ár að við lendum inni á Ólympíuleikum og eins og kom fram hér hjá starfsmanni fjárhagsnefndar ég vonast til að þetta reddist eftir á ef það gengur vel þá vilja allir vera með okkur en ef við erum bara í þriðja, fjórða eða fimmta sæti þá er það ekki nógu gott og við fáum ekki þessa peninga inn. Man sjálfur 1989 þegar við tókum gullið og fórum út og við farastjórnarnir vorum með vísakortin okkar til að borga allt saman og sem betur fer náðu þei árangri og það komu peningar í kassann. Þess vegna er ég með hugmynd hér sem ég vill leggja fyrir þingið okkar því ég tel að það sé sterkara fyrir stjórn HSÍ í því þegar fólk fer að tala saman ég veit að það er verið að vinna í þessu með ÍSí en ég legg til:

Að þingið samþykki að stjórn HSÍ leggi fram eftirfarandi tillögu á hundraðasta starfsári ÍSí, að ÍSí beyti sér fyrir því að fjármagn úr afrekssjóði verði aukið úr 80 milljónum í 200 milljónir með auknu framlagi frá Íslenskri getspá og ríkissjóði en jafnframt að ÍSí beiti sér fyrir því að styrkja sérstaklega þátttöku sérsambanda og einstakra íþróttamanna í Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum og evrópukeppnum með auknu fjárframlagi einnig frá Íslenskri getspá og ríkissjóði sem hér segir. Hvert sérsamband sem vinnur sér þátttökurétt með lið eða einstakling í evrópumóti, heimsmeistaramóti eða Ólympíuleikum í vikomandi íþróttagrein fær veglega aukafjárveitingu sem styrk vegna undirbúnings og þátttöku í þessum mótum fyrirfram sem yfirleitt eru haldin á tveggja eða fjögurra ára fresti eins og Ólympíuleikar því þátta í slíkum mótum er mjög ánægjuleg fyrir okkur íslendinga og mikil landkynning. Fyrirkomulagið gæti verið eftirfarandi sem er td. að sérsamband sem vinnur sér inn þátttöku á Ólympíuleikum verður styrkt fyrirfram með 50 milljónum króna fyrir landlið í flokkaíþrótt en einstakir íþróttamenn með 5 milljónum á hvern keppanda um leið og þeir hafa tryggt sér keppnisrétt á leikunum. Sérsamband sem vinnur sér þáttökurétt á heimsmeistara eða evrópumóti með karla og kvennalandslið verður styrkt fyrirfram um 30 milljónir króna en einstakir íþróttamenn með 3 milljónum á hvern og einn keppanda um leið og búið er að tryggja sér þáttökurétt. Sérsamband sem vinnur sér inn þáttökurétt í heimsmeistara eða evrópumóti unglinga með pila eða stulknalandsliðið verður styrkt fyrirfram með 20 milljónum króna en einstakir íþróttamenn með milljónum á hvern og einn keppanda um leið og búið er að tryggja sér þáttökurétt. Viðkomandi sérsambandi ákveður hvernig upphæðinni verði varið við þáttöku í viðkomandi móti og til að stiðja fjárhagslega við það íþróttafólk sem þarf á slíkri aðstoð að halda til að vera undirbúnir fyrir keppnina.

Ég tel að takist okkur að fá þetta í gegn þá er allt annað að reka sérsamböndin ekki bara HSÍ heldur öll önnur, því eins og gefur að skilja mjög erfitt að vera að reka sérsamband með svona afrekstefnu eins og HSÍ og sé að lenda í því að fara inn á Ólympíuleika og hafa ekki peninga til þess. Núna erum við með kvennalið sem er líka að komast í fremstu röð. Ég veit að þetta verður erfitt en þetta eru smámunir fyrir ríkissjóð að koma þessu í gegn þannig að ég vil bara leggja þetta til.

Knútur kemur fram og þakkar Jóni fyrir þessa tillögu sína og ætti hann að vera fyrsti maður til að samþykkja hana og væri þá mínum áhyggjum lokið og ég yrði ekki meira gráhærður. En málið er bara það að þetta er aðeins flóknara en svo, í fyrsta lagi er ekkert ársþing ÍSÍ árið 2012 þannig að við getum ekki lagt þetta fram þar svo er mjög erfitt fyrir okkur sem erum í stjórn að fara fram með fullmótaðar tillögur um 50 milljónir hér og 3 milljónir þar og 30 milljónir hér. Þetta er mjög flókið og það standa nú yfir milli ÍSÍ, fjármálaráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins sem við erum aðilar að sem ganga svolítið í þessa átt við getum barist fyrir því að við þurfum ekki að vera á vonarvöl ef við komum ekki með verðlaun heim ef við lendum bara í fjórða sæti þá fáum við ekki 50 milljónir en ef við lendum í 2 sæti þá fáum við þessa upphæð. Við höfum verið í viðræðum við ÍSÍ um þetta síðast í gærkvöldi og svona mótaðar tillögur fyrir okkur að fara fram með á ársþingi ÍSÍ sem að vísu verður ekki er mjög erfitt. En það væri hins vega gott veganesti að hafa áskorun frá ykkur. Þannig að ég myndi vilja að við myndum breyta þessu og að þetta yrði að

55 ársþing HSÍ haldið 28 apríl 2012 hvetur stjórn HSÍ til að beyta sér fyrir því innan ÍSÍ að auknu fjármangi verði varið til afrekssjóð ÍSÍ.

200 milljónir fínt ef við fáum 250 milljónir þá væri það ennþá betra, en að hafa slíka tillögu er gott veganesti en þetta er að mín skapi of fullmótuð tillaga með hugmyndum að ýmsum krónum og aurum sem ég vildi að við gætum fengið en er kanski ekki raunhæft. Sérstaklega að leggja það fram á þing sem ekki verður. Takk fyrir.

Árni Þór Árnason þingforseti góður þingheimur. Á fimmtudaginn hefði mér þótt þessar tölur sem Jón er að nefna hérna ansi stórar og kanski svolítið fjarstæðukendar því að við verðum því miður að segja að íþróttahreyfingin á Íslandi er hornkerling þegar það kemur að því að deila út peningum. Í gærmorgun var ég á aðalfundi Íslandsstofu þar kom upp Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hann haldi sér og ríkisstjórninni mikið að hafa komið að auglýsingaherferð sem hét Inspiart be Iceland þetta var verkefni upp á 700 milljónir þannig að þegar við erum að tala um að setja 200 milljónir í eitthvað sem menn eru að gera sér grein fyrir að er vaxandi í heiminum svokallaður íþróttatúrismi þá erum við ekki að slá vindhögg og ég bara veit það að með tölur og svona veganesti þá óska ég okkur bara vel í því að fjármagna dæmið.

Tillaga Jóns Hjaltalín er 22 með og á móti eru 2 þannig að hún er samþykkt.

Tillaga Knúts er ekki tekin fyrir þar sem hún gengur skemur

Jón Hjaltalín er með aðra tillögu.

Þingforseti, þinggestir og ágætu félagar

Í ár eru 40 ár liðin frá þáttöku okkar á Ólympíuleikunum í München og ég sjálfur og mínir leikfélag eða strákarnir okkar sem tóku þátt í þessu fyrir 40 árum og 40 kílóum síðan við ætlum að hittast og halda upp á þetta og ekki fengum við betri afmælisgjöf en að vinna okkur þátttökurétt á Ólympíuleiknum í London. En það eru yfir 1000 keppendur okkar piltar, stúlkur, strákar og konur sem hafa leikið í landsliðum okkar og okkar hugmynd félaganna frá München það er að stofna landsliðsfélag þannig að allir þessi leikmenn sem leikið hafa svo og þjálfarar þeirir og liðstjórar verða sjálfkrafa félagar í þessu félagi og þurfa svo að segja sig úr því ef þeir

verða ekki með. En tilgangur félagsins er að vera stjórn HSÍ til aðstoðar og ráðgjafar til eflingar starfsemi allra landsliða Íslands í Handknattleik svo og eflingu handknattleiks á Íslandi. Hugmyndin er að við félagarnir leggjum fram stofnskrá að þessu félagi til stjórnar HSÍ til samþykkingar fyrir 55 afmælisdag okkar 11. júní næstkomandi en síðan munum við reyna að virkja okkar félagsmenn til að hrinda þessu í framkvæmd því ég veit það að skrifstofa HSÍ er miklu miklu meira en fullbókuð sérstaklega á Ólympíuári. En þar sem við erum jafnfram með hugmynd að allir áhugamenn um handbolta geta orðið aukafélagar og borgað því áhveðið árgjald og segjum að við fáum nú 10.000 sem borga 1.000 þá eru það bara 10.000.000 og allir þeir peningar fara til landsliðsstarfsemi HSÍ þetta er tillaga.

Knútur svarar. Enn og aftur góð tillaga. Við Jón höfum rætt þetta áður hann hefur komið með þetta áður og ég fagna því ef að undir hans stjórn að núverandi og fyrrverandi leikmenn ætli að stofna svona samtök og vona ég að þau geri það og stjórn og skrifstofa HSÍ hefur boðist til að gera það sem við getum til aðstoða við slíkt útvega email og annað sem við vitum svo þeir geti hóað þeim saman. Þeir eiga eftir að búa til sína stofnskrá þó svo að hér séu hugmyndir og er ég viss um að þetta eigi eftir að breytast því ég sé ekki svona félagsskap aðstoða unga landsliðsmenn og konur að finna sér störf við hæfi og eitthvað þvíumlíkt. Þetta er bara ekki raunhæft og ég skil ekki að þetta eigi neitt heima hér Jón hvað ertu að biðja okkur að samþykkja? Stofnkránn eða ekki neitt. Við getum ekki stofnað félagið og ársþing HSÍ getur ekki samþykkt svona tillögu það eru þeir sem ætla að vera í félaginu og eru gjaldgengir í það sem verð að samþykkja stofnun þess þannig að ég sé ekki hvað við eigum að samþykkja. En eins og við höfum sagt þá munum við styðja við þetta framtak og okkur þykir það frábært. Mjög gott málefni eins og við höfum sagt þér áður. En bið þingið um að fella þetta.

Þingforseti tekur til máls og sannanlega er því fagnað að þetta félag verði stofnað en verð að taka undir með Knúti að ekki er hægt að bera hana upp hér á þinginu því það er í raun ekki veirð að samþykkja neitt. Því eins og kom fram í máli Jóns þá eru það félagar hans frá München 1972 sem ætla að standa að stofnun þessa landsliðsfélags og það er að sjálfsögðu hið allra allra besta mál og það kom fram í máli Knúts að skrifstofa og stjórn HSÍ myndi vera þeim innan handar á hvern þann máta sem þeir gætu varðandi stofnunina og svo framvegis, en í raun og veru tek ég undir með Knúti að ársþing er í raun ekki að stofna þetta heldur eru það þessir félagar sem stofna þetta síðan verður stofnskráin afhent HSÍ og þetta verður svona undirfélag hjá HSÍ, getum við ekki bara sæst á að það sé niðurstaðan þannig að við séum í raun ekki að samþykkja neitt.

Jón tekur til máls við skulum bara strika út orðið og stofnar og setja inn og fagnar.

Þetta er samþykkt með lófaklappi.

18. Kostning stjórnar

Kostning fjögurra stjórnarmanna til tveggja ára:

Þingforseti las upp 15 gr. laga HSÍ sem er framfylgt við eftirfarandi stjórnarkjör:

Tillaga um formann HSÍ fyrir næsta starfsár Knútur G. Hauksson .

Knútur G. Hauksson er réttkjörinn **formaður HSÍ** næsta starfsár með lófaklappi.

Tilnefndir voru eftirfarandi til stjórnar næstu tveggja ára:

- Einar Einarsson
- Gunnar Erlingsson
- Guðjón L. Sigurðsson
- Árni Þór Árnason

Ofangreindir aðilar eru réttkjörnir stjórnarmenn til tveggja ára með lófaklappi.

Fyrir eru í stjórn til tveggja ára kostnir á ársþingi 2011.

- Ásta Óskarsdóttir
- Guðmundur B. Ólafsson
- Vigfús Þorsteinsson
- Þorgeir Jónsson

Kostning varamanna til eins árs.

- Hannes Karlsson
- Þorgeir Haraldsson
- Ragheiður Traustadóttir

Ofangreindir aðilar eru réttkjörnir varamenn í stjórnar til eins árs með lófaklappi.

19. Kostning 2 endurskoðenda og 2 til vara

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Til vara voru eftirfarandi tilnefndir:

- Jón Rafn Ragnarsson
- Gunnar K. Gunnarsson

Engar athugasemdir bárust svo endurskoðendur og varamenn teljast réttkjörnir.

20. Kostning dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Hulda Rós Rúriksdóttir
- Smári Hilmarsson

- Vala Valtýsdóttir

Tilnefndir voru eftirfarandi varamenn:

- Ágúst Sindri Karlsson
- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðilar í dómstól HSÍ og þrír til vara teljast réttkjörnir.

21. Kostning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir voru eftirfarandi:

- Þorgeir Ingi Njálsson
- Helgi I. Jónsson
- Þorgeir Harald

Kostning varamanna til eins árs.

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinsson
- Þorsteinn Einarsson

Engar athugasemdir bárust, svo tilnefndir þrír aðaldómarar í áfrýjunardómstól HSÍ og þrír varadómarar teljast réttkjörnir.

22. Kostning fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ

Stjórn HSÍ er falið að skipa þingfulltrúa á næsta ársþing ÍSÍ sem er á næsta ári.

23. Þingslit:

Þingforseti vill persónulega þakka fyrir sig svo og málefnalega umræður og skemmtilegt þing. Ég þakka fyrir hönd okkar starfsmanna þingsins ykkur fyrir skelega framkomu og gef orðið til endurkjörins formanns HSÍ Knúts G. Haukssonar.

Knútur þakkar fyrir hönd þeirra sem voru í kjöri til stjórnar HSÍ og þakkar það traust sem okkur er sýnt. Það er alveg ljóst að okkar bíða gríðalega erfið verkefni framundan. Eins og fram hefur komið og fylgdi samþykkt á fjárhagsáætlun þá er hún engan veginn ásættanleg við þurfum að leysa það mál og við þurfum að leysa það fljótt ég sagði það í gólátlegu gríni en það var graf alvarlegt að þegar við vorum með stelpurnar okkar í Brasilíu að ég ætti ekki fyrir miðanum heim og margir töldu það óábyrgt og töldu að ég væri úti með engann flugmiða en það var nú ekki alveg svoleiðis. En við erum að fara í gríðalega dýr verkefni á næstu viku og við þurfum að leysa það og við þurfum að gera það í samvinnu við ÍSÍ og okkar styrkaraðila og alveg ljóst að við þurfum að finna nýja aðila sem munu hjálpa okkur í því verkefni en ég hef fulla trú á að við

gerum það. Það bíða okkur líka fullt að ynnri málum fræðslumál og útbreiðslumál við þurfum að taka á því og við höfum verið réttlátlega gagnrýnd fyrir að hafa ekki ger nóg þar við erum nú að taka á því og væntum mikils af því að vera komin með starfsmann í það málefni núna. Síðan er alveg ljóst að við þurfum að finna sátt innan hreyfingarinnar um útbreyðsluna og mótamál við getum ekki eitt hverju einasta þingi í að fjalla um þetta ég er þó feginn að það var meirihluti fyrir þeirri tillögu sem nú var hreinn meirihluti en við þurfum hinsvegar að vinna að þessu saman og nú verðum við allavega komin með starfsmann sem mun hjálpa okkur í því. Ég vil síðan bara þakka ykkur fyrir gott þing og óska ykkur góðrar ferðar heim og slít þingi hér með.